



SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR 2020 - 2021
Lögð fram á sambandsstjórnarfundum RSÍ þann 27. ágúst 2021



EFNISYFIRLIT

INNGANGUR FORMANNS	3
STARFSEMI SKRIFSTOFU	5
STEFNUMÓTUN RSÍ	6
STARFSRÉTTINDI OG MENNTAMÁL.	6
KJARA- OG VINNUSTAÐEFTIRLITSTEYMI	8
ATVINNULEYSI	8
ÞJÓNUSTUTEYMI	8
VIRK STARFSENDURHÆFING	9
VINNUSTAÐAEFTIRLIT	9
HELSTU KENNITÖLUR ÚR BÓKHALDI.	9
FUNDIR MIÐSTJÓRNAR	10
STJÓRNIR OG NEFNDIR RSÍ	11
KJARASAMNINGAR	16
LAUNAKÖNNUN RSÍ 2020.	17
SAMBANDSSTJÓRNARFUNDUR	18
ORLOFSSJÓÐUR	18
SUMARÚTHLUTUN	19
TJALDSVÆÐIN Í MIÐDAL OG Á SKÓGARNESI	22
NÝTING ORLOFSHÚSA	22
TEKJUR OG GJÖLD Á HVERT ORLOFSHÚS	23
STYRKARTARSJÓÐUR RSÍ	24
NÁMSKEIÐSSTYRKIR	26
BJARG ÍBÚÐAFÉLAG.	27
ÁKVÆÐISVINNUSTOFA RAFIÐNAÐARINS	28
ÁRSSKÝRSLA RAFMENNTAR	29

INNGANGUR FORMANNS

Síðastliðið starfsár hefur verið sérstaklega ein-kennilegt. Baráttan við heimsfaraldur kórónuveirunnar (Covid-19) hefur sett mark á allt starf RSÍ. Unnið hefur verið í brýnustu verkefnum auk þeirra sem mögulegt hefur verið að framkvæma þrátt fyrir þær takmarkanir sem settar hafa verið í samfélaginu hér á landi og hefur verið nokkuð í takt við það sem þekkist í löndunum í kringum okkur. Atvinnuleysi jókst verulega í upphafi árs 2020 og hefur haldist hátt síðan þá. Fjöldi þeirra sem eru í atvinnuleit hefur þó dregist saman, þeim fækkar sem eru án atvinnu þó svo staðan sé enn mjög erfið. Á síðustu tólf til fimmtán mánuðum hafa til að mynda ekki verið haldnir margir opnir félagsfundir víðsvegar um landið enda hafa til mæli sóttvarnarlæknis og stjórnvalda verið á þá leið að takmarka fjöldasamkomur. Þrátt fyrir þetta hafa verið gerðir kjarasamningar á umræddum tíma og hafa kynningarfundir með félagsmönnum yfirleitt verið haldnir með rafrænum hætti. Þá hefur verið notast við fjarfundi sem og upptökur af kynningum sem hefur reynst mjög vel til að koma upplýsingum til félaganna og opið hefur verið á fyrirspurnir á fjarfundum og í gegnum síma og tölvupóst.

Hlutverk og skyldur RSÍ hafa komið bersýnilega í ljós á liðnu starfsári þar sem grundvallar stuðningur RSÍ við félagsmenn hefur sýnt sig og sannað. Í umfjöllun um sjúkrasjóðinn má sjá að aðsókn í sjúkradagpeninga og styrki hefur aukist gríðarlega á undanförunum árum. Lang hæsta hlutfall útgreiðslna af tekjum sjóðsins varð raunin á árinu 2020. Það er á tímum sem þessum sem okkur ber að standa við bakið á félagsmönnum okkar þrátt fyrir að sjóðurinn sé rekinn með halla. Miðstjórn RSÍ hefur haft það að leiðarljósi að fylgjast vel með umræddu hlutfalli¹, fari svo að hlutfallið verði hærra þá hefur stefnan verið að bregðast við og draga úr útgjöldum. Hins vegar er það þannig, þegar tímabundið ástand skellur á, þá var ekki talin ástæða til að bregðast við enda mikilvægi sjóðsins augljóst á samdráttartímum. Hlutverk sjóðsins er að standa þétt við bakið á félagsmönnum og það gerum við. Nánari umfjöllun um sjúkrasjóðinn á rekstrarárinu 2020 má sjá síðar í skýrslunni.



Á þeim tímum þegar landsmenn geta ekki ferðast um heiminn líkt og fólk var vant að gera fyrir Covid þá hefur aðsókn í orlofshús RSÍ aukist gríðarlega. Orlofssjóður RSÍ varð að grípa til lokana á ákveðnum tímum þegar samkomutakmarkanir voru hvað harðastar, sérstaklega í fyrstu bylgju faraldursins. Það gerði það að verkum að tekjur orlofssjóðs drógust saman enda voru allar leigur sem þurfti að afbóka endurgreiddar að fullu, hvort sem það var vegna lokana eða þess að félagsmenn þurftu að afbóka leigu sjálfir vegna persónulegra ástæðna. Við töldum eðlilegt og sjálfsagt mál að félagsmenn tækju ekki óþarfa áföll á sig við erfiðar aðstæður.

Námskeiðssókn varð flóknari við þessar aðstæður eins og gefur að skilja en RAFMENNT færði námskeiðshald yfir á fjarfundaform í takt við þá þróun sem var allsráðandi við þessar aðstæður. Það verður að segjast eins og er að okkur hefur almennt tekist vel til að færa starfsemi yfir á rafrænar slóðir og nýta tæknilegar lausnir til að halda starfinu og þjónustu við félagsmenn sem næst því sem við viljum sjá.

RSÍ hefur á undanförunum árum verið að færa sífellt meiri þjónustu yfir á netið þannig að félagsmenn geti nýtt sér það sem við höfum uppá að bjóða í gegnum veflausnir. Opnun á “mínum síðum” um árið var stórt skref þar sem mögulegt var í fyrsta skipti að sækja um styrki með rafrænum hætti, sama hvar á landinu þú ert, hvenær sem er. Þar löngu áður bókunarkerfi

¹ Hlutfall sem horft er til eru upphæð greiddra styrkja og sjúkradagpeninga á hverjum tíma sem hlutfall af greiddum iðgjöldum í sjóðinn. Almennt er miðað við að hlutfallið sé um 65% því auk þess fellur á sjóðinn rekstrarkostnaður hvers árs. Sé hlutfallið í kringum 65% telst sjóðurinn vera í góðu jafnvægi að mati miðstjórnar.

fyrir orlofshúsin. Við erum ekki hætt, á síðasta ári tókum við upp rafrænar undirskriftir á upplýst samþykki og umboð þegar félagsmenn þurfa á þjónustu að halda hvað varðar kjaramál, enda krafa samkvæmt persónuverndarlögum að slíkt samþykki sé til staðar. Næst á dagskrá er að bæta enn frekar við rafræna þjónustu en gera má ráð fyrir að afgreiðsla sjúkradagpeninga verði komin í rafrænt form á síðasta ársfjórðungi ársins 2021.

Að lokum, þrátt fyrir að stiklað sé á stóru, er rétt að nefna að nú sér fyrir endann á stefnumótunarvinnu sem miðstjórn RSÍ hóf á haustmánuðum 2019, nokkrum mánuðum áður en heimsfaraldurinn skall á. Miðstjórn RSÍ ákvað á vinnufundi að fara í stefnumótun fyrir RSÍ þar sem lykiláherslur næstu fimm ára yrðu settar á blað. Til verksins var Guðfinna S. Bjarnadóttir hjá LC ráðgjöf fengin til verksins. Mjög mikill tími og orka fór í vinnuna veturinn 2019 til 2020 sem átti að enda með fullmótaðri stefnu fyrir sambandsstjórnarfund RSÍ í maí 2020. Vegna heimsfaraldursins breyttust áætlanir og var ákveðið að stöðva vinnu þegar fyrsta bylgja var komin á flug. Vinnu var haldið áfram að hausti 2020 þegar ekki vildi betur til en að önnur og þriðja bylgja skullu á. Hins vegar undir lok þriðju bylgju var ákveðið að taka saman allt efnið sem búið var að safna saman frá vinnufundi miðstjórnar, stefnumótunarhópi sem skipaður var af miðstjórn og síðast en ekki síst mikilvægum gögnum sem komu úr svörum frá félagsmönnum en fjölmargir félagsmenn sendu inn svör í gegnum viðhorfskönnun sem gerð var í mars 2020. Sett voru saman drög að stefnu sem miðstjórn RSÍ tók til umræðu í maí 2021 þar sem miðstjórn samþykkti stefnu til að leggja fram til kynningar á sambandsstjórnarfund RSÍ.

Stefnan er, eins og stefnur eiga að vera, lifandi plagg þar sem við forgangsröðum mikilvægustu málefnum sem við teljum að þurfi að vinna á hverjum tíma, með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi. Verklagið verður þannig að nú þegar búið er að setja á blað þau verkefni sem miðstjórn vill leggja áherslu á næstu fimm árin þá mun sambandsstjórnarfundur leggja til áherslur næstkomandi árs. Fjárhagsáætlun komandi árs mun taka mið af og verða kynnt á trúnaðarmannaráðstefnum. Nánar er fjallað um stefnumótun RSÍ síðar

í skýrslunni. Komandi starfsár verður að öllum líkindum mjög viðburðaríkt.

Síðasta endurskoðun kjarasamninga fer fram í september næstkomandi. Haldi kjarasamningar mun síðasta launahækkunin koma til framkvæmda 1. janúar 2022 og gilda samningar almennt til nóvember 2022. Á þessum tíma höfum við séð eitt lengsta skeið og mestu aukningu kaupmáttar launa. Það á við um félagsmenn RSÍ sem og aðra hópa samfélagsins. Það sem mun hins vegar taka við í næstu samninga lotu er að setja saman kröfugerð RSÍ og þar verða málefni eins og að eyða út yfirvinnu 1 & 2 og ná næsta skrefi í þeirri vegferð að auka þau verðmæti sem félagsmenn fá út úr mikilli vinnu. Ljóst er að ákvæði um styttingu vinnutímans sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2022, þar sem félagsmenn okkar geta einhliða stytt vinnuvikuna niður í 36 klst og 15 mínútur á viku ÁN þess að breytingar verði á kaffitímum. Þetta ákvæði getur skilað styttingu hjá æði mörgum, þar sem fyrirtækin hafa sett sig upp á móti styttingu vinnuvikunnar. Augljóst er að kjarasamningar sem við gerðum árið 2019 hafa orðið leiðandi við styttingu vinnuvikunnar hjá opinberum starfsmönnum og nú er það okkar að halda vegferð okkar áfram og hámarka verðmætin.

Það verða félagsmenn í aðildarfélögum RSÍ sem munu móta kröfugerðina líkt og á síðustu 10 árum. Við munum leita til félagsmanna bæði með fundarhöldum, fundarferð um landið og með viðhorfskönnunum líkt og við höfum gert í aðdraganda kjarasamninga frá því að ég tók við.

Breytingar á verkfæragejald rafvirkja og rafeindavirkja, breyting á orlof- og desemberuppbótum voru allt kröfur sem félagsmenn víðsvegar um landið settu í kröfugerðina árið 2014 og aftur 2015. Við náðum þessum mikilvægu breytingum með samstöðunni. Við munum ná stærstu breytingum til hagsbóta fyrir félagsmenn með áframhaldandi samstöðu.

Kristján Þórður Snæbjarnarson
Formaður RSÍ

STARFSEMI SKRIFSTOFU



Stórhöfði 31

Árið 2020 hófst með hefðbundnum hætti á skrifstofu RSÍ. Fjöldmörg verkefni voru framundan á árinu sem búið var að skipuleggja enda 50 ára afmælisár framundan. Það skipulag var fljótt að breytast með tilkomu Covid-19 og óhætt að segja að áhrifin hafi verið mikil eins og á samfélagið í heild sinni. Samkomutakmarkanir kröfðust breytinga á mörgum verkefnum en segja má að breytingar og aðlögun að nýjum aðstæðum er það sem einkenndi starfsemi skrifstofunnar á síðasta starfsári. Sumum verkefnum var frestað og önnur tóku við. Í tvígang var móttökunni lokað vegna samkomutakmarkana. Fyrst frá 23. mars til 4. maí og svo aftur frá 7. október sem varði fram á nýtt ár en móttakan opnaði aftur 22. febrúar 2021. Á milli lokana þurfti jafnframt að skipta starfsemi sinni upp og voru t.d. ráðgjafar VIRK til langs tíma alveg sér og fengu mat á sína starfsstöð. Samskipti voru lítil sem engin á milli hæða, aðgangur utanaðkomandi takmarkaður inn á hæðirnar, matsal skipt upp, sóthreinsað á milli hópa sem komu í mat o.s.frv. Samhliða lokunum og samkomutakmörkunum fór starfsfólk að vinna heima. Veruleiki sem þessi var nokkuð sem enginn þekkti og að mörgu að huga til að hægt væri að halda starfsemi gangandi þrátt fyrir samkomutakmarkanir. Þrátt fyrir þessar aðstæður gekk vel að þjónusta félaga RSÍ með þeim samskiptaleiðum sem í boði eru. Búið er að taka upp rafrænar undirskriftir þegar félagsmenn veita RSÍ umboð til að sinna málefnum þeirra vegna kjaramála. Einnig er búið að setja upp rafræna gátt vegna umsókna hjá Bjargi íbúðafélagi. Á árinu hófst vinna við að stofna rafræna gátt vegna sjúkradagpeninga þar sem umsækjandi skráir sig inn með rafrænum skilríkjum, fyllir út umsókn og hengir fylgigögn við umsóknina. Þegar

umsækjandi þarf að skila inn nýju læknisvottorði er farið inn í eldri umsókn til að bæta við gögnum. Þetta einfaldar ferlið fyrir umsækjendur og þeir sem þess óska þurfa ekki að koma á skrifstofuna til að skila inn umsókn. Fyrsta umsóknin ætti að geta borist í september. Í ljósi þeirra áhrifa sem Covid-19 hafði á samfélagið og félagsmenn okkar var sett upp Covid-19 síða á heimasíðu RSÍ til að halda til haga öllum þeim upplýsingum sem við töldum mikilvægastar hverju sinni hvort sem þær sneru að starfsemi skrifstofunnar eða skilaboðum frá Sóttvarnaryfirvöldum.

Á síðasta starfsári fagnaði RSÍ 50 ára afmæli og fjöldmargir viðburðir skipulagðir til að fagna þeim tímamótum. Eins og svo margt annað á þessu herrans ári þurfti að aflýsa þeim. Fjölskylduhátíðin þurfti að víkja vegna samkomubanns sem og ferð Heldri-félaga, golfmót og kröfuganga 1. maí. Þrátt fyrir að kröfuganga hafi ekki verið möguleg þetta árið var útsending frá sérstakri skemmti- og baráttusamkomu sem flutt var í Hörpu að kvöldi 1. maí og sjónvarpað á RÚV. Tæknin var nýtt til að útbúa kröfuspjöld þar sem hægt var að nýta Fésbókarsíðuna til að búa til sitt eigið kröfuspjald og sýna þannig stuðning sinn við baráttu verkalyðshreyfingarinnar.

Afmælisdagur RSÍ var 28. nóvember 2020 en í tilefni tímamótanna fluttu formenn aðildarfélaganna og formaður RSÍ ávörp á Fésbókarsíðu RSÍ. Auk þess var vegleg afmælisauglýsing sett í loftið af þessu tilefni. Félagsmenn fengu sent afmælisrit þar sem horft er til stöðunnar í dag en einnig fram á veginn. Auk þess er í vinnslu sagnfræðirit þar sem markmiðið er að fanga söguna þessi viðburðarríku 50 ár RSÍ og aðildarféлага. Covid-19 hefur tafið þá vinnu enda reyndist erfitt að hitta viðmælendur.

Samstarf iðnfélaganna á Stórhöfðanum hefur haldið áfram að þróast frá því öll félögin sameinuðust um húsnæði 2019. Markmið þessara breytinga er m.a. að leggja áherslu á aukið samstarf iðnfélaganna á hinum ýmsu sviðum og hagræða í rekstri. Í lok síðasta árs var Elsa María Rögnvaldsdóttir lögfræðingur ráðin til starfa hjá 2F en hún sinnir lögfræðilegri ráðgjöf til allra þeirra félaga sem aðild eiga að 2F húss fagfélaganna. Hún er jafnframt persónuverndarfulltrúi RSÍ. Ólafur Karl Eyjólfsson lögmaður sem starfað hefur á skrifstofu RSÍ frá ágúst 2017 lét af störfum 1. apríl síðastliðinn. Gerður hefur verið samningur

við Magna lögmennt um þjónustu við félögin innan 2F. Félagsmönnum stendur jafnframt til boða lögfræðiráðgjöf þeim að kostnaðarlausu.

Vinna við innleiðingu jafnlaunastaðals hófst á haustdögum 2019 en markmiðið var að ljúka þeirri vinnu um mitt ár 2020 en búið var að sækja um úttekt í lok maí mánaðar. Vegna Covid-19 var þeirri vinnu alfarið frestað þar sem fundahöld voru flókin í útfærslu vegna samkomutakmarkana og verkefnið þess eðlis að erfitt var að vinna þau alfarið í fjarvinnu. Verkefnið er vandasamt og mikilvægt að vel sé staðið að öllum þáttum sem að því snúa. Markmiðið er að sú vinna hefjist aftur seinni hluta árs 2021 og stefnt að jafnlaunavottun 2022. Markmið jafnlaunastaðals er að tryggja að konum og körlum séu greidd sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Hann tryggir að ákvarðanir í launamálum byggji á málefnalegum sjónarmiðum, feli ekki í sér kynbundna mismunun og leiðir af sér gagnsærra og réttlátara launakerfi.

STEFNUMÓTUN RSÍ


Vinna við stefnumótun RSÍ hefur verið fyrirferðarmikil á liðnu starfsári en eins og með annað hefur Covid-19 haft mikil áhrif á framgang verkefnisins. Markmiðið var að ljúka þeirri vinnu 2020 með kynningu á Sambandsstjórnarfundi það ár. Í mars var allri vinnu hins vegar frestað fram á haustið en stefnumótunarhópurinn kom aftur saman í september undir stjórn Guðfinnu Bjarnadóttur sem stýrt hefur verkefninu frá upphafi. Fækkað var í starfshópnum frá því sem var þar sem upplýsingaöflun var lokið og framundan að vinna úr gögnunum. Starfshópurinn skipuðu Aron Máni Nindel Haraldsson RSÍ-UNG, Jakob Tryggvason FTF, Jón Óskar Gunnlaugsson RFS, Margrét Halldóra Arnarsdóttir FÍR, Þórunn Jónsdóttir FRV, Kristján Þórður Snæbjarnarson formaður RSÍ og Sigrún Sigurðardóttir skrifstofustjóri RSÍ. Afrakstur vinnuhópsins var kynntur á miðstjórnarfundi 19. mars 2021 og miðstjórnarfólki gefinn kostur á að senda inn athugasemdir. Á fundi miðstjórnar 29. maí 2021 kynnti Guðfinna Bjarnadóttir stefnu- og starfsáætlun RSÍ 2021-2026. Farið var yfir markmið og áherslur og árangursvísar kynntir sem notaðir verða við mat á markmiðum og árangri. Í stefnu RSÍ kemur fram framtíðarsýn, gildi, áherslur og markmið sem lögð verða til grundvallar næstu 5 árin. Framtíðarsýn RSÍ er að

gæta hagsmuna félagsmanna, stuðla að bættum lífsgæðum og vera sterkur bakhjarl félagsmanna og fjölskyldna þeirra. Gildi RSÍ eru samstaða, lífsgæði og þjónusta. Áherslur í starfinu eru bætt lífshæð, aukið öryggi, leiðandi afl í menntun, fyrsta flokks þjónusta og sterk liðsheilid. Sjá nánar á myndum 1 og 2 á bls. 7.

STARFSRÉTTINDI OG MENNTAMÁL

Menntamál vega þungt í starfi RSÍ en um langt skeið hefur ítrekað verið unnið að því að auka veg iðnmenntunar á Íslandi og hvert tækifæri nýtt til þess að stuðla að aukinni aðsókn í okkar greinum. Aðsókn hefur verið að aukast jafnt og þétt í rafiðngreinar sem er ánægjulegt. RSÍ hefur kallað eftir því að gerð verði mannafla- og færnisþá fyrir íslenskt samfélag með reglubundnum hætti. Þannig megi stýra betur framboði náms í menntakerfinu með þarfir samfélagsins að leiðarljósi. En mikilvægt er að horft sé til aukningar á fjármagni samhliða því þegar fjölga þarf nemendum í ákveðnum greinum. Það er ekki nóg að kynna kosti iðnmenntunar og fjölga umsóknum í skólakerfinu, það þarf líka að tryggja nemendum aðgang að náminu. Það er kostnaðarsamt fyrir samfélagið að mennta fólk til starfa sem ekki er þörf fyrir.

Síðustu mánuði hafa miklar breytingar verið ræddar innan menntakerfisins í tengslum við starfsnám og samþykkt ný reglugerð um vinnustaðanám hjá Menntamálaráðuneytinu. Þessi breyting undirstrikar ábyrgð skólanna á að koma nemum í starfsnám í sinni grein en hingað til hefur hver og einn nemi borið ábyrgð á sínu vinnustaðanámi. Í rafiðnaðinum hefur Rafmennt boðið upp á aðstoð við þá sem hafa þurft á að aðstoð að halda. Kennarar og meistarar hafa ekki orðið varir við miklar tafir á námi nemenda vegna þessa en með þessari breytingu er ætlunin að koma í veg fyrir að einhverjir detti úr námi vegna örðugleika við að klára starfsnám á sínum eigin forsendum. Ekki liggja fyrir leiðbeiningar um framkvæmd þessarar reglugerðar en hún tók gildi 1. ágúst 2021. Mikið hefur verið rætt um kosti og galla þessarar breytingar bæði innan skólanna, í starfsgreinaráðum og hjá fagfélögum. Samhliða nýrri reglugerð á að taka upp rafræna ferilbók þar sem nemendur eiga að fylla í yfirlit um þá verkþætti sem þeir sinna í vinnustaðanámi. Gert er ráð fyrir að nemandi, umsjónarmaður



Mynd 1



Mynd 2

skóla og umsjónarmaður á vinnustað hafi allir eftirlit með framför í vinnustaðanámi. Vonir eru bundnar við að þetta auki gæði vinnustaðanáms ásamt því að gefa nemendum tækifæri á að prófa mismunandi verkþætti á vinnustöðum. Vinna við ferilbókina hófst að frumkvæði Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins (nú Rafmennt) og

á Menntamálastofnun að halda utan um hana. Ferilbók fyrir sterkstraum í rafiðnaði er tilbúin og stendur til að sá hópur verði fyrstur til að prófa keyrslu á ferilbók.

KJARA- OG VINNUSTAÐAEFTIRLITSTEYMI

Í kjarateymi eru Adam Kári Helgason, Björn Eysteinnsson, Georg Páll Skúlason, Ísleifur Tómasson og Kristján Þórður Snæbjarnarson. Kjarateymi RSÍ fundar vikulega ásamt Elsu Maríu, lögmanni 2F og situr Sigrún Sigurðardóttir, skrifstofustjóri RSÍ einnig fundina. Starf kjarateymisins byggir á náinni samvinnu þar sem upplýsingamiðlun er mikilvæg ásamt skýru ferli þegar mál þurfa að fara lengra svo sem til dómstóla. Í slíkum tilvikum er góður undirbúningur mála forsenda, þ.e. þegar um aðkomu lögmanns er að ræða. Samstarf með þessum hætti tryggir fagleg vinnubrögð.

Helstu málefni síðastliðins árs hafa iðulega snúið að ástandinu, uppsagnir vegna heimsfaraldurs, breytingar á ráðningarformi t.d. úr fullu starfi í hlutastarf, mál þar sem brotið er á starfsfólki. Þó nokkuð mikið hefur verið leitað til kjarateymis varðandi útfærslur á styttingu vinnuvikunnar. Ljóst er að víða hefur vinnuvikan verið stytt en merkilegt þykir hversu margar útfærslur voru til staðar á vinnutíma fyrir breytingarnar og algengt var að skortur var á upplýsingum um hver vinnutíminn ætti að vera innan vinnustaða.

ATVINNULEYSI


Á þeim tíma sem liðinn er frá því að fyrsta Covid-19 smitið greindist á Íslandi sjáum við enn veruleg ummerki faraldursins á atvinnuþátttöku okkar félagsmanna þó staðan hafi vissulega lagast. Atvinnuleysistölur hafa verið misháar á milli mánaða eins og sjá má á mynd 3 en toppinn sáum við í apríl 2020 þegar rúmlega eitt þúsund manns fengu greiðslur frá Atvinnuleysistryggingasjóði.

Hafa þarf í huga að hluti þessara einstaklinga var á hlutabótaleiðinni samhliða starfi á meðan aðrir voru í fullri atvinnuleit. Atvinnuleysi er aðeins að ganga niður á síðustu mánuðum en hafa þarf í huga að þegar líður að sumri dregur úr atvinnuleysi eins og fram hefur komið í opinberri umræðu. Fjöldi greiðandi félagsmanna hefur haldist nokkuð stöðugur síðustu mánuði en hafa þarf í huga að eitthvað getur vantað upp á skráningu greiddra félagsgjalda fyrir maí og júní þar sem skilagreinar berast ekki alltaf á réttum tíma. Ekki er ólíklegt að fjöldi félagsmanna í júní 2021 eigi eftir að hækka nokkuð. Á mynd 3 sjáum við fjölda greiðandi félaga í ágúst 2020 (græn súla) og fjölda greiðandi í ágúst 2021 (gul súla). Staðan á fjölda greiðandi félaga í júní 2020 sýnir hvað tölur geta breyst. Fjöldatölur frá því í maí og júní 2021 geta því átt eftir að breytast og ekki ólíklegt að þær eigi eftir að hækka eitthvað frekar þó ómögulegt sé um það að segja. En ljóst er að fjöldi greiddra félaga fer hægt og rólega hækkandi og hlutfall atvinnulausra félagsmanna lækandi.

ÞJÓNUSTUTEYMI

Þjónustuteymi sinnir málefnum orlofs- og styrktar-sjóðs auk almennrar móttöku félagsmanna inn á skrifstofu RSÍ. Þessir þættir eru umfangsmikill þáttur þjónustunnar enda mikil tenging við félagsmenn í gegnum styrktar- og orlofssjóð. Starfsmenn þjónustuteymis eru Álfhildur Guðmundsdóttir bókarari, Björn Ágúst Sigurjónsson umsjónarmaður fasteigna RSÍ, Eyjólfur Óli Jónsson umsjónarmaður orlofssvæðisins í Miðdal, Hrönn Magnúsdóttir umsjónarmaður orlofskerfis RSÍ, Erla Sigríður Erlingsdóttir gjaldkeri, Ragnar Valur

Mynd 3



Ragnarsson umsjónarmaður orlofssvæðisins á Skógarnesi og Sigrún Sigurðardóttir skrifstofustjóri. Verkefni þjónustuteymis hafa verið mörg vegna yfirstandandi faraldurs en hann hafði mikil áhrif á orlofskerfið þar sem Almannaþingin hvöttu landsmenn til að ferðast innanhúss. Mikil tími fór í afbókunar á bókunum í orlofshúsi með auknu álagi á þá sem sinna afbókunum, endurgreiðslum og ekki síst bókhaldinu. Álag jókst jafnframt á sjúkrasjóðnum þar sem töluverð aukning var á umsóknunum um sjúkradagpeninga og almenna styrki.

VIRK, STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

2F hús fagfélaganna hefur umsjón með starfsemi ráðgjafa VIRK á Stórhöfðanum. Ráðgjafar VIRK í starfsendurhæfingu eru Guðrún Elinborg Guðmundsdóttir, Hlín Guðjónsdóttir, Hildur Petra Friðriksdóttir, Rákel Björk Gunnarsdóttir og Unnur B. Árnadóttir. Þrátt fyrir heimsfaraldur var hægt að halda fullri starfsemi með aðstoð tækninnar og fjarfundabúnaður nýttur í viðtölum.

VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Covid-19 hafði mikil áhrif á starfsemi vinnustaðaeftirlits á síðasta starfsári og lá vinnustaða-

eftirlit niðri stærstan hluta af árinu. Enda hefur aðgengi að verkstöðum orðið erfiðara þar sem unnið var að því að draga úr smithættu. Eftirlitið var með hefðbundnu sniði í byrjun árs 2020 en allar heimsóknir lágu niðri hluta af árinu vegna Covid-19. Rafræn eftirfylgni hefur þó verið viðhöfð á þessu tímabili eins og kostur er. Hafi borist ábendingar hefur verið unnið úr þeim. Adam Kári Helgason er starfsmaður vinnustaðaeftirlits RSÍ en framkvæmdin á því er unnin í samstarfi við Hubert Pawlik sem er starfsmaður 2F, ASÍ og önnur stéttarfélög. Lönfélögin hafa verið í nánú samstarfi sín á milli við vinnustaðaeftirlit, þeir sem hafa sinnt því ásamt Adam Kára og Hubert eru Ólafur Magnússon FIT, Vilhjálmur Sveinsson Byggið, Þorsteinn G. Kristmundsson FIT, Benóný Harðarson VM og Heimir Kristinsson Byggið. Einnig hefur verið samstarf við starfsmann Bárunnar, Einingu lögju og Eflingu. Lagt er upp með að sameiginlegar eftirlitsferðir séu að lágmarki einu sinni í viku.


Markmið vinnustaðaeftirlits er fyrst og fremst að heimsækja sem flesta vinnustaði sem falla undir lög um vinnustaðaeftirlit. Að vera sýnileg og veita stuðning til starfsmanna og veita fyrirtækjum aðhald á sama tíma. Að eftirlitið sé virkt sem flesta daga á hverju ári. Alþýðusamband Íslands heldur utan um heildarskipulag eftirlitsins þó svo verkstjórn sé hjá hverju félagi fyrir sig.

Þrátt fyrir að skipulagðar heimsóknir hafi legið niðri stærstan hluta af árinu hefur tíminn verið nýttur í önnur verkefni t.d. aðstoð á kjarasviði, gerð kaupskrár, skráningu menntunar í félagakerfi, auglýsingaherferð og stefnumótandi vinnu fyrir vinnustaðaeftirlitið. Í töflu 1 má sjá tölulegar upplýsingar um fjölda skráðra kennitala árið 2020 í samanburði við 2019. Þar má sjá að fjöldi skráðra kennitala vegna RSÍ eru 95 árið 2020 í samanburði við 312 árið 2019.

HELSTU KENNITÖLUR ÚR BÓKHALDI

Félagsgjöld til RSÍ árið 2019 (iðgjöld félagsmanna) námu alls 275,2 milljónum króna og hækkuðu um tæplega 10,2 milljónir, það jafngildir 3,8% hækkun á milli ára. Fjöldi greiðandi félaga allt árið 2020 voru 5.895 en árið 2019 voru greiðandi kennitölur 6.020 sem er fækkun um 2%. Atvinnuleysi hefur verið mikið frá upphafi heimsfaraldursins og endurspeglar erfiðara ástand í samfélaginu í rekstrinum. Rekstrartekjur samstæðunnar í heild

Mynd 4



Tafla 1

Samanburður á fjölda skráðra kennitala árin 2020 og 2019		
Félag	2020	2019
Byggið	80	287
FIT	115	329
VM	12	54
Félag hársnyrtisveina	2	46
Matvís	22	45
Rafiðnaðarsamband Íslands	95	312
VR	45	96
Efling	323	822
Önnur félög	149	260
Stéttarfélag ekki vitað / án félags	295	1036
Samtals	1138	3287

námu um 874,9 milljónum í samanburði við rúmar 940 milljónir árið 2019 en á því ári var söluhagnaður af fastafjármunum upp á 55,8 milljónir vegna sölu á íbúðum í Ljósheimum.

Rekstrargjöld á árinu 2020 námu alls 1.012,4 milljónum og því varð rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur neikvæð um rúmar 137 milljónir, vaxtatekjur og gjöld námu 28,3 milljónum og var því rekstrarafkoma ársins neikvæð um samtals 109,2 milljónir. Helsta ástæða þessa er gríðarleg aukning á útgjöldum sjúkrasjóðs en sjúkradagpeningar jukust verulega á milli ára eins og fram kemur í umfjöllun um sjúkrasjóðinn síðar í skýrslunni.

Sambandssjóður er miðja bókhalds RSÍ og aðildarfélag. Heildartekjur sambandssjóðs voru um 188,2 milljónir sem er aukning um 6,3%. Rekstrargjöldin námu um 167,7 milljónum og því

var rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur jákvæð um samtals 20,5 milljónir. Sambandssjóður greiðir auk þess vexti til annarra sjóða sambandsins og aðildarféлага og námu nettó vaxtagreiðslur samtals 4,5 milljónum. Rekstrarafkoma sambandssjóðs er því jákvæð um 16,1 milljón.

FUNDIR MIÐSTJÓRNAR

Miðstjórn hefur fundað 11 sinnum á liðnu starfsári auk þess sem framkvæmdastjórn hefur fundað reglulega, iðulega í aðdraganda miðstjórnarfunda. Síðastliðið starfsár hefur verið notast æði oft við fjarfundarform enda hafa fjöldatakmarkanir hamlað samkomum fjölmennra hópa.

Úrdráttur úr fundargerðum miðstjórnar eru nú aðgengilegar félagsmönnum í gegnum “Mínar síður”. Helstu málefni sem miðstjórn hefur fjallað um eru mál sem snúa að heimsfaraldrinum, kjarasamningar sem RSÍ gerir auk hefðbundins rekstrar RSÍ og sjóða sambandsins.

Mynd 5



Efsta röð frá vinstri: Helgi Ingason, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jakob Tryggvason, Sigrún Sigurðardóttir.

Önnur röð frá vinstri: Jón Óskar Gunnlaugsson, Kristján Helgason, Hrönn Jónsdóttir, Sigmundur Grétarsson.

Þriðja röð frá vinstri: Georg Páll Skúlason, Ragnar G. Gunnarsson, Sigurjón Ólason, Steinar Guðjónsson.

Fjórða röð frá vinstri: Hörður Bragason, Aron Máni Nindel Haraldsson, Elma Bjarney

Guðmundsdóttir, Hilmar Guðmannsson og Margrét Halldóra Arnarsdóttir.

Fimmta röð frá vinstri: Reynir Jónsson, Trausti Þór Friðriksson, Bára Laxdal Halldórsdóttir, Þór Hinriksson.

STJÓRNIR OG NEFNDIR RSÍ

**Framkvæmdastjórn**

Formaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson, FRV
 Varaformaður: Margrét Halldóra Arnarsdóttir, FÍR
 Ritari: Finnur Víkingsson, RFN
 Gjaldkeri: Jakob Tryggvason, FTF
 Meðstjórn: Guðrún S. Bergþórsdóttir, FÍS
 Meðstjórn: Jón Óskar Gunnlaugsson, RFS
 Meðstjórn: Hörður Bragason FRV
 Meðstjórn: Steinar Guðjónsson FRS

Miðstjórn (auk framkvæmdastjórnar)**Aðalmenn**

Kristján Helgason, FÍR
 Helgi Marteinn Ingason, FÍR
 Guðmundur Ævar Guðmundsson, FÍR
 Sigmundur Grétarsson, FÍR
 Hilmar Guðmannsson, FÍR
 Þór Hinriksson, FÍR
 Elma Bjarney Guðmundsdóttir, FTF
 Hafliði Sívertsen, FTF
 Ragnar G. Gunnarsson, FTF
 Sigurjón Ólason, FTF
 Elma Bjarney Guðmundsdóttir, FTF
 Bára Laxdal Halldórsdóttir, FRV
 Hrönn Jónsdóttir, GRAFÍA
 Aron Máni Nindel Haraldsson, RSÍ-UNG

Varamenn

Viðar Már Þorsteinsson, FÍR
 Jakob Leifsson, FÍR
 Guðmundur Gunnarsson, FÍR
 Anna Melsteð, FTF
 Páll S. Guðmundsson, FTF
 Hafþór Ólafsson, FTF
 Andri Jóhannesson, FRV
 Þórunn S. Jónsdóttir, FRV
 Trausti Þór Friðriksson, FÍS
 Reynir Jónsson, RFN
 Guðmundur Smári Jónsson, FRS
 Eiríkur Arnar Björgvinsson, RFS
 Þorkell Svarfdal Hilmarsson, GRAFÍA

Anna Haraldsdóttir, GRAFÍA
 Haraldur Örn Arnarsson, RSÍ-UNG

Sambandsstjórn

(auk framkvæmdastjórnar, miðstjórnar og varamanna miðstjórnar):

Aðalmenn

Borgþór Hjörvarsson, FÍR
 Gísli Sigurður Gunnlaugsson, FÍR
 Björn Friðriksson, FÍR
 Eiríkur Jónsson, FÍR
 Móeiður Helgadóttir, FTF
 Elva Sara Ingvarsdóttir, FTF
 Róbert Steingrímsson, FTF
 Sigurður Ingi Kjartansson, FTF
 Einar Ágúst Kristinsson, FTF
 Davð E. Sigmundsson, FRV
 Örn Kristinsson, FRV
 Jón Hafsteinn Jóhannsson, FÍS
 Gústaf Eggertsson, RFN
 Jón Grétar Herjólfsson, RFS
 Birgir Rafn Sigurjónsson, FRS
 Jón Trausti Harðarson, GRAFÍA
 Ásbjörn Sveinbjörnsson, GRAFÍA
 Ivor Storm Mackenzie Ross, RSÍ-UNG
 Róar Björn Ottemo, RSÍ-UNG

Varamenn

Þór Ottesen Pétursson, FÍR
 Hafdís María Kristinsdóttir, FÍR
 Adam Benedikt Burgess Finnsson, FÍR
 Arnar Þór Björgvinsson, FÍR
 Björn Helgason, FTF
 Jón Eiríkur Jóhannsson, FTF
 Ólafur Ragnar Halldórsen, FTF
 Jóhannes Tryggvason, FTF
 Andri Guðmundsson, FTF
 Ármann Helgi Guðmundsson, FRV
 Haukur Þór Ólafsson, FRV
 Árni Jóhannsson, FÍS
 Haraldur Örn Sturluson, FÍS
 Ketill Þór Sverrisson, RFN
 Helgi Guðmundsson, FRS
 Arnar Stefánsson, RFS
 Haraldur Örn Arnarsson, RSÍ-UNG
 Njáll Laugdal Árnason, RSÍ-UNG

Starfsnefndir miðstjórnar**Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarféлага**

Ísleifur Tómasson og Adam Kári Helgason

Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgangis kjörskráa

Adam Kári Helgason, FÍR

Andri Jóhannesson, FRV

Ísleifur Tómasson, FÍR

RSÍ-UNG

Formaður: Aron Máni Nindel Haraldsson, FÍR

Varaformaður: Þór Hinriksson, FÍR

Ritari: Haraldur Örn Arnarson, GRAFÍA

Meðstjórnandi: Oddur Þór Unnsteinsson, FRV

Meðstjórnandi: Ólafur Ingi Sigurðsson, RFN

Meðstjórnandi: Árni Grétar Torfason, FRS

Starfsmaður: Björn Eysteinnsson

Afmælisnefnd vegna 50 ára**afmælis RSÍ 2020**

Bára Laxdal Halldórsdóttir, Elma Bjarney

Guðmundsdóttir, Eiríkur Arnar Björgvinsson,

Finnur Víkingsson, Hrönn Jónsdóttir,

Viðar Már Þorsteinsson, Björn Ágúst Sigurjónsson

(starfsmaður) og Hrönn Magnúsdóttir (starfsmaður).

Fjölskylduhátíðarnefnd RSÍ

Adam Kári Helgason, Anna S. Helgadóttir,

Borgþór Hjörvarsson, Hafliði Sívertsen,

Hilmar Guðmannsson, Jakob Tryggvason

og Ísleifur Tómasson (starfsmaður).

Golfnefnd

Ásbjörn Sveinsbjörnsson,

Guðbjörn Ólafsson, og Helgi Einarsson

Jafnréttisnefnd RSÍ

Anna Melsteð, Elma Bjarney Guðmundsdóttir, Gauti

Þorvaldsson, Haukur Þór Ólafsson,

Hilmar Guðmannsson (varamaður) og

Sigrún Sigurðardóttir (starfsmaður).

Launanefnd RSÍ

Guðrún S. Bergþórsdóttir (formaður), Hrönn

Jónsdóttir (ritari), Jón Hafsteinn Jóhannesson,

Kristján Helgason, Andri Jóhannesson, Jakob

Tryggvason, Jón Óskar Gunnlaugsson og Kristján

Þórður Snæbjarnarson (starfsmaður)

Laga- og skipulagsnefnd RSÍ

Eiríkur Jónsson, Jakob Tryggvason, Jón Óskar

Gunnlaugsson, Trausti Þór Friðriksson og

Þórunn S. Jónsdóttir

Lífeyrisnefnd RSÍ

Bára Laxdal Halldórsdóttir, Georg Páll Skúlason,

Jakob Tryggvason, Sigmundur Þórir Grétarsson og

Guðjón Guðmundsson (varamaður)

Menntanefnd RSÍ

Georg Páll Skúlason, Finnur Víkingsson,

Hilmar Guðmannsson, Jón Sveinberg Birgisson,

Ragnar G Gunnarsson, Þórunn S. Jónsdóttir og

Guðmundur Ævar Guðmundsson (varamaður)

Orlofsnefnd RSÍ

Eiríkur Arnar Björgvinsson, Georg Páll Skúlason,

Haraldur Örn Sturluson, Hafliði Sívertsen,

Sigmundur Grétarsson, Njáll Laugdal Árnason,

Þorkell Svarfdal og Björn Ágúst Sigurjónsson

(starfsmaður)

Siðanefnd RSÍ

Ásbjörn Svenbjörnsson, Halldór Gauti Kárason

og Sæunn Björnsdóttir.

Öryggisnefnd RSÍ

Helgi Marteinn Ingason, Hrönn Jónsdóttir,

Guðmundur Ævar Guðmundsson, Hörður

Bragason, Óskar Ingi Böðvarsson, Reynir Jónsson,

Steinar Snæbjörnsson, Þór Ottesen (varamaður)

og Adam Kári Helgason (starfsmaður)

Stjórn Furulundar

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn orlofsbyggðarinnar á Einarstöðum

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn orlofsbyggðarinnar Ölfusborgum

Georg Páll Skúlason

Stjórn orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum

Georg Páll Skúlason

Stjórn Orlofsbyggðarinnar í Flókalundi:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Úthlutunarnefnd Styrktarsjóðs

Björn Eysteinnsson, Erla Sigríður Erlingsdóttir,

Georg Páll Skúlason og
Ísleifur Tómasson

Ákvæðisnefnd rafiðna

Tómas Bjarni Tómasson, Oddur Bogason og
Sigurður Freyr Kristinsson (varamaður)

Stjórn Verkiðnar

Jón Óskar Gunnlaugsson og
Georg Páll Skúlason.

Stjórn Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík

Björn Ágúst Sigurjónsson og Ísleifur Tómasson

Skoðunarmenn

Anna Sigríður Melsteð, Reynir Sigurbjörnsson
og Árni H. Jóhannson (varamaður).

Stjórnarmenn Birtu Lífeyrissjóðs

Aðalmenn: Hrönn Jónsdóttir og Jón Kjartan
Kristinsson (lét af störfum í maí sl.)
Varamaður: Bára Laxdal Halldórsdóttir (kjörin til
aðalfundar)

Launanefnd Birtu Lífeyrissjóðs

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson
(kjörinn til 2022)

Stjórn fulltrúaráðs Birtu lífeyrissjóðs

Formaður stjórnar: Rúnar Bachmann
Aðalmaður: Jón Óskar Gunnlaugsson

Stjórn og nefndir ASÍ

Miðstjórn ASÍ

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson
Varamaður: Margrét Halldóra Arnarsdóttir

Alþjóðanefnd

Aðalmaður: Jón Óskar Gunnlaugsson
Varamaður: Hörður Bragason

Efnahags-, skatta og atvinnuálanefnd

Aðalmaður: Georg Páll Skúlason
Varamaður: Trausti Þór Friðriksson

Húsnæðisnefnd

Aðalmaður: Hafliði Sívertsen
Varamaður: Hrönn Jónsdóttir

Vinumarkaðs, atvinnuá- og jafnréttisnefnd

Aðalmaður: Anna Melsteð
Varamaður: Haukur Þór Ólafsson

Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd

Aðalmaður: Jakob Tryggvason
Varamenn: Bára Laxdal Halldórsdóttir og
Sigmundur Grétarsson

Menntanefnd

Aðalmaður: Margrét Halldóra Arnarsdóttir
Varamaður: Elma Bjarney Guðmundsdóttir

Skipulags- og starfsháttanefnd

Aðalmaður: Georg Páll Skúlason
Varamaður: Þórunn S. Jónsdóttir

Umhverfis- og neytendanefnd

Aðalmaður: Þór Hinriksson
Varamaður: Anna Haraldsdóttir

Fjölmíðla- og kynningarnefnd

Aðalmaður: Aron Máni Nindel Haraldsson
Varamaður: Sigurjón Ólason

Nefnd um endurmat á störfum kvennastétta

Aðalmaður: Sigrún Sigurðardóttir
Varamaður: Guðrún S. Bergþórsdóttir

Nefnd um umhverfi kjarasamninga

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson
Varamaður: Margrét Halldóra Arnarsdóttir

Ferðapjónusta á traustum grunni

Aðalmaður: Hörður Bragason
Varamaður: Steinar Guðjónsson

Varnir fyrir heimili

Aðalmaður: Finnur Víkingsson
Varamaður: Haraldur Örn Arnarsson

Ótrygg ráðningarsambönd

Fulltrúi miðstjórnar:
Jakob Tryggvason, formaður nefndar
Aðalmaður: Sigríður Rósa
Varamaður: Elva Sara Ingvarsdóttir

Starfs- og fjárhagsnefnd

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Fulltrúaráð VIRK

Starfsendurhæfingarsjóðs

Sigrún Sigurðardóttir

Vísinda- og tækniráð

Varamaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Stjórn Nýsköpunarsjóðs

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu

Áheyrnarfulltrúi: Björn Ágúst Sigurjónsson
(skipunartími ótilgreindur)

Félagsdómur

Rafiðngreinar:

Aðalmaður: Þórunn Stefanía Jónsdóttir

Varamaður: Eiríkur Jónsson

Bókagerðargreinar:

Aðalmaður: Heimir Örn Gunnarsson

Varamaður: Erna Kristjánsdóttir

Mennta- og fræðslunefndir kjörnar á ársfundum

Sveinsprófsnefnd sterkstraums

Aðalmenn: Guðmundur Gunnarsson, Björn Gústaf Hilmarsson og Jón Ólafur Halldórsson.

Varamenn: Guðmundur Ævar Guðmundsson og Sigurður Freyr Kristinsson

Sveinsprófsnefnd veikstraums

Aðalmaður: Henry Arnar Hálfánarson

Varamaður: Þórunn Jónsdóttir

Menntasjóður rafiðnaðarins

Aðalmenn: Rúnar Bachmann og Örn Kristinsson

Varamaður: Ragnar G. Gunnarsson

Stjórn Rafmenntar

Margrét Halldóra Arnarsdóttir (formaður),
Andri Jóhannesson, Hilmar Guðmannsson
og Jakob Tryggvason

Varamaður: Finnur Víkingsson

Stjórn IÐUNNAR fræðsluseturs

Georg Páll Skúlason (varaformaður)

Prent- og miðlunarsvið IÐUNNAR

Georg Páll Skúlason (varaformaður)

Starfsgreinaráð rafiðnaðarins

Aðalmenn: Margrét Halldóra Arnarsdóttir, rafvirki,
Bjarni Þór Ólafsson, símsmiður og

Svavar Jón Bjarnason, rafvirki

Varamenn: Þórunn Jónsdóttir, rafeindavirki
og Jakob Tryggvason, tæknimaður

Nemaleyfisnefnd sterkstraums

Aðalmenn: Ísleifur Tómasson

og Hilmar Guðmannsson

Stjórn 200 þúsund naglbíta

Aðalmenn: Guðmundur Ævar Guðmundsson
og Kristján Þórður Snæbjarnarson

Varamaður: Jakob Tryggvason

Stjórnir og nefndir erlendis

Stjórn norræna rafiðnaðarsambandsins (NEF)

Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ

Vinnuumhverfisnefnd (Arbejdsmiljø) NEF

Ísleifur Tómasson

Menntanefnd NEF

Guðmundur Ævar Guðmundsson

Vinnuumhverfisnefnd (Arbejdsmiljø)

NBTF

Ísleifur Tómasson

Stjórn NBTF

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Varamaður: Borgþór Hjörvarsson

Stjórn EBTF

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Stjórn UNI-ICTS

Aðalmaður: Guðrún S. Bergþórsdóttir

Varamaður: Björn Eysteinnsson

Stjórn / faghópur UNI-MEI

Jakob Tryggvason

Stjórnir aðildarféлага RSÍ

Félag íslenskra rafvirkja

Formaður: Margrét Halldóra Arnarsdóttir
Varaformaður: Guðmundur Ævar Guðmundsson
Ritari: Sigmundur Þórir Grétarsson
Gjaldkeri: Hilmar Guðmannson
Meðstjórn: Eiríkur Jónsson,
Kristján Helgason og Þór Hinriksson

Félag rafeindavirkja

Formaður: Hörður Bragason
Varaformaður: Örn Kristinsson
Ritari: Davíð E. Sigmundsson
Gjaldkeri: Andri Jóhannesson
Meðstjórn: Bára Laxdal Halldórsdóttir,
Haukur Þór Ólafsson og Einar Jón Sigmarsson

Félag íslenskra símamanna

Formaður: Guðrún S. Bergþórsdóttir
Varaformaður: Jón Hafsteinn Jóhannsson
Ritari: Haraldur Örn Sturluson
Gjaldkeri: Trausti Þór Friðriksson
Meðstjórn: Ylfa Dís Knútsdóttir

Rafiðnaðarfélag Norðurlands

Formaður: Finnur Víkingsson
Varaformaður: Reynir Jónsson
Ritari: Ketill Þór Sverrisson
Gjaldkeri: Gústaf Eggertsson
Meðstjórn: Árni Skarphéðinsson

Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi

Formaður: Steinar Guðjónsson
Varaformaður: Guðmundur Smári Jónsson

Ritari: Þorvaldur Þorvaldsson
Gjaldkeri: Birgir Rafn Sigurjónsson
Meðstjórn: Anný Björk Guðmundsdóttir

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja

Formaður: Jón Óskar Gunnlaugsson
Varaformaður: Eiríkur Arnar Björgvinsson
Ritari: Arnar Stefánsson
Gjaldkeri: Jón Grétar Herjólfsson
Meðstjórn: Karl Kr. Þórhallsson
og Þorsteinn Helgason

Félag tæknifólks

Formaður: Jakob Tryggvason
Varaformaður: Hafliði Sívertsen
Ritari: Sigríður Rósa Bjarnadóttir
Gjaldkeri: Páll Sveinn Guðmundsson
Meðstjórn: Elma Bjarney Guðmundsdóttir,
Ragnar G. Gunnarsson og Hafþór Ólafsson

GRAFÍA

Formaður: Georg Páll Skúlason
Varaformaður: Þorkell Svarfdal Hilmarsson
Ritari: Anna Haraldsdóttir
Gjaldkeri: Hrönn Jónsdóttir
Meðstjórn: Ásbjörn Sveinbjörnsson,
Jón Trausti Harðarson og Páll Reynir Pálsson

RSÍ-UNG

Formaður: Aron Máni Nindel Haraldsson FÍR
Varaformaður: Þór Hinriksson FÍR
Ritari: Haraldur Örn Arnarsson Grafía
Meðstjórn: Oddur Þór Unnsteinsson FRV,
Árni Grétar Torfason FRS og
Þorsteinn Jón Thorlacius RFN



Myndir úr starfi RSÍ



KJARASAMNINGAR 2019 - 2020

Allt frá árinu 2019 hefur verið unnið við að ljúka endurnýjun allra kjarasamninga sem RSÍ gerir við samtök/viðsemjendur. Í töflu 2 á bls. 17 má sjá undirritunar dagsetningar og gildistíma kjarasamninga. Þess má þó geta að í kjarasamningum eru oft endurskoðunar eða uppsagnarákvæði en gildistími sýnir lengsta gildistíma kjarasamnings. Í kjarasamningum hefur stefnu Lífskjarasamnings verið fylgt eftir hvað varðar fyrirkomulag launahækkunar sem og vinnutímastyttingar. Í stóriðjusamningum var fundin föst prósentuhækkun.

Stór áfangi náðist undir lok árs 2020 þegar

kjarasamningur við Advania/NRTF var endurnýjaður eftir marga ára deilu við fyrirtækið. Kjarasamningurinn er bundinn friðarskyldu vegna eðli starfseminnar en á móti eiga laun að fylgja samanburðarfyrirtækjum en ágreiningur var uppi um hvort laun hafi þróast eins og átti að gera. Skrifað var undir kjarasamning rétt áður en grípa þurfti til dómstóla til að leysa úr ágreiningi. Það að ná að undirrita kjarasamning var til hagsbóta fyrir báða aðila. Mikill tími fór í þessar viðræður, jafnt að degi og kvöldi, virka daga sem og helgar. Líkt og á fyrra ári hefur Covid-19 haft veruleg áhrif og æði mörg verkefni hafa fallið til vegna þess. Starfið hefur að mörgu leyti einkennst af aðgerðum vegna þess.

Í september á þessu ári mun fara fram

endurskoðun á forsendum kjarasamninga, þar sem metið verður hvort forsendur standist. Forsendurnar eru í meginatriðum þrjár, að kaupmáttur launa hafi aukist, að vextir taki verulegum lækkunum og haldist lágir út

Tafla 2

Kjarasamningur	Undirritun	Gildistími
RSÍ - SA/SART (almenni)	3. maí 2019	1. nóvember 2022
Grafía - SA (almennur)	3. maí 2019	1. nóvember 2022
RSÍ - Ríkið	21. janúar 2020	31. mars 2023
RSÍ - Reykjavíkuborg	22. janúar 2020	31. mars 2023
RSÍ - Borgarleikhúsið	25. júní 2019	1. nóvember 2022
RSÍ - Síminn og dótturf.	5. júní 2019	1. nóvember 2022
RSÍ/FÍS - Síminn og dótturf.	6. júní 2019	1. nóvember 2022
RSÍ/FÍS - Já	21. ágúst 2019	1. nóvember 2022
RSÍ - Félag atvinnurekenda	14. júní 2019	1. nóvember 2022
Grafía - Félag atvinnurekenda/SÍA	21. maí 2019	1. nóvember 2022
RSÍ - Landsvirkjun	1. nóvember 2019	1. nóvember 2022
RSÍ - Landsnet	2. desember 2019	1. nóvember 2022
RSÍ - RARIK	26. nóvember 2019	1. nóvember 2022
RSÍ - Orkuveita Reykjavíkur	3. desember 2019	1. nóvember 2022
RSÍ - HS Orka	28. október 2019	1. nóvember 2022
RSÍ - HS Veitur	25. nóvember 2019	1. nóvember 2022
RSÍ - Norðurorka	12. júlí 2019	1. nóvember 2022
RSÍ - ISAL	24. nóvember 2020	31. mars 2021
RSÍ - Elkem	13. febrúar 2020	31. desember 2020
RSÍ - Steinullarverksmiðjan	ágúst 2019	31. desember 2022
RSÍ - 365	Ófrágenginn	
RSÍ - Advania / NRTF	22. nóvember 2020	31. desember 2025
RSÍ - Norðurál	13. október 2020	31. desember 2024
RSÍ - Alcoa Fjarðaál	4. febrúar 2021	28. febrúar 2023
5. kafla samningar (RSÍ-SA/SART)		
ISAVIA	maí 2019	1. nóvember 2022
RÚV	2. maí 2019	1. nóvember 2022
Marel	17. desember 2019	1. maí 2023

samningstímann og að lokum að stjórnvöld standi við gefin fyrirheit samkvæmt yfirlýsingum ríkis-stjórnarinnar.

Þrátt fyrir þessi miklu áföll sem við erum að upplifa þá eru líkur á því að kaupmáttur launa aukist. Nú þegar er þó farið að gæta nokkurra verðhækkana á ýmsum varningi og verðbólga hefur haldist tiltölulega há í samanburði við seinni tíma.

Sé það mat samningsaðila að forsendur hafi brostið þá getur hvor samningsaðili fyrir sig ákveðið að segja kjarasamningum upp. Þess ber að geta að Samtök Atvinnulífsins geta ákveðið að segja kjarasamningum upp við þær aðstæður með sama hætti og ASÍ.

LAUNAKÖNNUN RSÍ 2020

Árleg launakönnun RSÍ var gerð í október 2020 en niðurstöður hennar má sjá í heild sinni á heimasíðu RSÍ. Þátttaka í könnuninni var heldur minni en í fyrra en alls svöruðu 1.319 félagsmenn eða um 28% félagsmanna samanborið við 34% 2019. Það sem mikilvægast er að horfa í er hvernig launaþróun dagvinnulauna er á milli ára. Að meðaltali eru dagvinnulaun í september 2020 648.000 kr. og hækka um rúm 4% að meðaltali frá 2019. Það er hins vegar misjafnt á milli félaga hvernig breytingar mælast en mest er hækkun dagvinnulauna hjá félagi rafeindavirkja eða 7,4% en dagvinnulaun lækka að meðaltali um 4% hjá félagi rafiðnaðarmanna á Suðurlandi. Rétt er að taka fram að tiltölulega fáir svarendur eru í hvorum hópi fyrir sig sem getur valdið meiri sveiflum í mælingum á milli ára. Hækkun heildarlauna er á svipuðu róli og hækkun dagvinnulauna en heildarlaun mældust kr. 804.000 og hækka um 3,8% á milli ára.

Nær allir svarendur eru í fullu starfi eða 94% sem er fjölgun um 2% frá síðustu könnun. Vinnutími fólks í fullu starfi er 182 stundir og styttest um nærri fimm stundir frá síðustu könnun. Samhliða þessu er fróðlegt að skoða niðurstöður varðandi vinnutímastyttingu en 63,7% svarenda segja vinnutímastyttingu þegar hafa farið fram á sínum vinnustað eða hafa verið undirbúna. Því fleiri sem svara því til að vinnutímastytting hafi farið fram því styttri er vinnutíminn að meðaltali.

Þegar spurt var um áherslur í starfi RSÍ næstu mánuði kom fram að mesta áherslan er á kjarapáttinn en því næst á stöðugleika verðlags en í könnun 2019 var mesta áherslan á styttingu vinnutíma. Þessar niðurstöður koma ekki á óvart því eins og fram kemur hér að framan hefur stytting vinnutíma farið fram eða verið undirbúin hjá tæplega 64% svarenda.

Launakönnunin er mjög umfangsmikil og hvetjum við alla til þess að kynna sér helstu niðurstöður hennar en jafnframt gefur könnunin félögum okkar gott tækifæri til að bera sig saman við markaðinn og sækja á um launahækkunar séu laun ekki samkeppnishæf.

SAMBANDS-STJÓRNARFUNDUR 2020

Sambandsstjórnarfundur RSÍ 2020 fór fram við óvenjulegar aðstæður þann 5. júní 2020. Upphaflega stóð til að halda fundinn á Siglufirði en gera þurfti breytingu á því sökum samkomutakmarkana. Haldinn var eins dags fundur en dagskrá hans var með nokkuð hefðbundnu sniði. Farið var yfir ársreikning RSÍ og sjóða auk skýrslu miðstjórnar. Borgþór Hjörvarsson sagði af sér sem varaformaður RSÍ og lögð fram tillaga um að Margrét Halldóra Arnarsdóttir tæki við sem varaformaður RSÍ sem samþykkt var með lófaklappi. Auk þess tók nýr formaður félags rafeindavirkja, Hörður Bragson, sæti í miðstjórn þar sem Eyjólfur Ólafsson lét af störfum sem formaður á aðalfundi félagsins 2020. Breytingar urðu samhliða þessu á miðstjórn og sambandsstjórn.

Gerðar voru breytingar á reglugerð og starfsreglum sjúkra-/styrktarsjóðs. Helstu breytingar eru breytingar á upphæðum styrkja, krabbameinsskoðun og hjartavernd hækkar í 30.000 kr á hverju 12 mánaða tímabili, hámark greiðslu vegna sjúkráþjálfunar hækkar í 75.000 kr. Sjúkradagpeningar breytast á þann veg að tímabil verða þrjú sem mögulegt verður að sækja um, 4 mánuðir hvert. Skilyrði fyrir framlengingu eftir fyrstu fjóra mánuðina verður að félagsmenn nýti sér þjónustu VIRK, starfsendurhæfingarsjóðs. Hámarksupphæð sjúkradagpeninga hækkar í 900.000 kr. á mánuði. Þessar breytingar fela í sér að tekjur upp að 1.125.000 á mánuði munu fá 80% af tekjum sínum tryggð þrátt fyrir veikindi. Gerð var breyting á eingreiddum dánarbótum á þann veg að upphæð sem greidd er til félaga verður 285.300 kr. Bent er á að Birta lífeyrisjóður greiðir fjölskyldubætur til greiðandi sjóðfélaga. Ekki er gerð breyting á eingreiddum dánarbótum vegna barna félagsmanna.

Siðareglur RSÍ voru uppfærðar og staðfestar á sambandsstjórnarfundinum. Felld var út grein nr. 3 en 38. gr laga RSÍ fjallar um kjörgengi starfsmanna RSÍ. Auk þess var siðanefnd veitt heimild til að sækja utanaðkomandi aðstoð telji nefndin þörf á slíku.

Styrkveitingar

Sambandsstjórn ákvað að veita tvo styrki til góðra málefna. Bjarkarhlíð og Píeta samtökin urðu fyrir valinu og fengu 250.000 kr. hvor samtök. Aðstæður í samfélaginu eru mörgum erfiðar vegna afleiðinga Covid-19 því er mikilvægt að við leggjum okkar lóð á vogarskálarnar til að styðja við þá sem glíma við erfiðleika.



Kristján Þórður Snæbjarnarson, Ragna Björg Guðbrandsdóttir teymisstjóri Bjarkarhlíðar og Sigrún Sigurðardóttir

ORLOFSSJÓÐUR RSÍ

Orlofssjóður RSÍ heldur utan um eignir sambandsins sem stór hópur félaga okkar nýtir sér til gagns og gamans allt árið um kring en óhætt er að segja að mikil ásókn hefur verið í orlofshúsin og íbúðirnar á Covid tímum. Almennt eru félagar ánægðir með orlofshúsin sem RSÍ á og rekur en lögð hefur verið áhersla á það á undanförunum árum að tryggja sjálfbærnan og góðan rekstur orlofskerfisins. Miðstjórn RSÍ tók á sínum tíma þá mikilvægu ákvörðun að halda áfram uppbyggingu í kerfinu þrátt fyrir erfiða tíma í efnahagslífi þjóðarinnar. Mikilvægt er að við höldum því áfram, sinna þarf viðhaldi og áframhaldandi uppbyggingu í kerfinu. Orlofshúsin eru farin að eldast víða og mikilvægt að viðhaldi sé sinnt því þannig tryggjum við verðmæti eigna okkar og komum til móts við þarfir félaga okkar. Miðstjórn RSÍ tók ákvörðun um að selja minni húsin á Kirkjubæjarklaustri. Nýting þeirra hefur verið slök og því hafa þau verið í útleigu yfir vetrartímam til sveitarfélagsins þar. Húsin eru of

lítill til að uppfylla þarfir félagsmanna okkar. Ekki hefur tekist að selja þau hús enn sem komið er, nokkur tilboð hafa borist sem ekki voru talin ásættanleg. Þriðja húsið á Kirkjubæjarklaustri, hús B hefur verið vel nýtt en það varð fyrir tjóni í upphafi ársins. Leki fékk að krauma í húsinu í nokkra daga og skemdist húsið mikið en byggja þurfti húsið nánast upp að nýju. Af þessum sökum var húsið lokað fyrstu 5 mánuði ársins 2021 en opnað var fyrir sumarleigu aðra vikuna í júní. Ráðist var í endurbætur á tveimur íbúðum við Furulund, skipt um parket og sturtubotn og húsgögn endurnýjuð að hluta. Framkvæmdir hafa haldið áfram á Skógarnesi á liðnu starfsári. Byggingu á skemmu er lokið en eftir er að klára tengibyggingu og ganga frá lóð. Einnig var ráðist í byggingu tveggja lítilla húsa fyrir starfsmenn sem lauk á vordögum 2021. Um er að ræða 37 fm. 2ja herbergja hús með góðri verönd og heitum potti. Húsin verða í almennri leigu til félagsmanna yfir vetrartímam. Aukin uppbygging á svæðinu kallar á auknið starfsfólk en aðsókn er mikil þar allt árið um kring og með opnun tjaldsvæðis á vorin eykst fjöldinn á svæðinu verulega. Vinnu við lagningu á ljósleiðara að orlofssvæðunum í Miðdal og á Skógarnesi lauk á vordögum og er nú kominn í öll húsin fyrir utan eitt hús í Miðdal, en þeirri vinnu lýkur í haust. Síðasti vetur var nýttur til viðhalds á báðum svæðunum. Í Miðdal var skipt um eldhúsinnréttingu í Litabergi, byggð útigeymsla við Gutenberg og farið í vinnu við ofaníbúð á vegum á svæðinu og hús máluð að utan sem skýrir mikinn rekstrarkostnað síðasta árs fyrir svæðið í heild.

Sumarið 2020 var komið upp tæmingaraðstöðu fyrir ferðaklósett á tjaldsvæðinu í Miðdal ásamt því að bætt var við salernisaðstöðu á báðum tjaldsvæðum. Viðhald var nokkuð umfangsmikið á Skógarnesi en ráðist var í lagfæringar á þakköntum á húsum 5-14 og endurbætur á þaki á húsi 9. Einnig var skipt um parket og borðplötur í fjölmörgum húsum og mun sú vinna halda áfram næsta vetur. Húsin okkar á Skógarnesi eru að eldast og mikilvægt að viðhald sé stöðugt til að tryggja verðmæti húsanna. Það hefur ekki farið framhjá neinum hver staðan var á liðnu starfsári en takmarkanir, lokanir og þær aðgerðir sem gripið var til vegna Covid-19 gerðu það að verkum að mjög mikið var af afbókunum

í orlofsíbúðum og húsum hjá RSÍ. Áhrifin á orlofssjóð vegna þessa eru töluverð en tekin var ákvörðun um að endurgreiða allar leigur til þeirra sem þess óskuðu. Hefðbundnar reglur um afbókanir eru þannig að leiguverð er endurgreitt að fullu sé afpantað með 3ja vikna fyrirvara, sé afpantað með skemmri fyrirvara og orlofshús eða íbúð endurleigist aftur þá er leiguverð endurgreitt að fullu. Vikið var frá þessum reglum vegna ástandsins. Þess ber að geta að aðeins var endurgreitt þegar afþöntun var gerð áður en leigutími hófst. Áhrif afbókana og lokana eru mjög sýnileg í nýtingartölum ársins. Þess ber að geta að nýtingarhlutfall er reiknað út frá tímabili þess sem orlofshús standa til boða. Flókalundur í Vatnsfirði er til dæmis eingöngu opið til útleigu yfir sumarmánuðina. Yfir sumartímam skipta RSÍ og Eining löða á húsum á Illugastöðum og Klifabotni og hefur það áhrif á fjölda daga sem standa á bakvið fjölda húsa. Meðalnýting á vormánuðum 2020 var heilt yfir um 35% sem er kannski ekki svo slæmt miðað við afbókanir og lokanir á þessum tíma. Meðalnýting seinni hluta ársins hækkaði frá því sem var og endaði í tæpum 50% fyrir allt árið, sjá töflu 5 á bls 23 sem er nokkuð lægra en nýtingarhlutfallið 2019. Sumarið hafði sitt að segja í því sambandi, miklar bókanir samhliða auknu frelsi til ferðalaga og minni hömlum á samkomutakmörkunum. Þess ber að geta að orlofshúsin á Einarstöðum, Kirkjubæjarklaustri, Ölfuborgum, Skógarnesi, Stykkishólmi, Miðdal, Svignaskarði, Vaglaskógi, Varmahlíð og Vestmannaeyjum voru með 100% nýtingu yfir sumarið. Eignir sem staðsettar eru erlendis voru eðli máls samkvæmt lítið notaðar en það kemur þó á óvart að íbúð í Kaupmannahöfn og á Spáni voru með um 40% nýtingarhlutfall yfir sumarmánuðina og því ljóst að áhugi fyrir ferðalögum var til staðar. Orlofshús RSÍ og MATVÍS á Flórída hafa verið lokað vegna ferðabanns til Bandaríkjanna og eðlilega leigðist ekki út einn dagur þar. Heilt yfir var nýting yfir sumarmánuðina 85% í þeim 61 húsi/íbúðum sem í boði eru.

Sumarúthlutun

Opið er fyrir umsóknir í orlofshúsum RSÍ í febrúar ár hvert og úthlutað út frá punktastöðu 1. mars. Mikil breyting var á fjölda umsókna á milli ára, fóru úr 516 árið 2020 í 1040 árið 2021. Ekki er ólíklegt að staða þessi sé komin til vegna afleiðinga

SUMARÚTHLUTUN 2021- FYRRI UMFERÐ

Nafn orlofshúss	28.5.	4.6.	11.6.	18.6.	25.6.	2.7.	9.7.	16.7.	23.7.	30.7.	6.8.	13.8.	20.8.		Max	Min
Ak. - Kristjánsh. 2, íbúð nr 105			179	234	342	235	342	274	381	285	299		281		381	179
Ak. - Furulundur 8L					278	115	-20	136	147	-20					278	-20
Ak. - Furulundur 8P			111	167	360	251	101	266	243	125	111	177			360	101
Ak. - Furulundur 8T			99	47	281	179	95	211	165	106	93				281	47
Ak. - Kristjánsh. 2, íbúð nr 107			129	147	336	194	279	248	320	258	281				336	129
Ak. - Kristjánsh. 2, íbúð nr 206		86	233	349	467	501	359	291	180	271	455	395	-105		501	-105
Ak. - Kristjánsh. 2, íbúð nr 207	303		331	388	372	270	371	285	452	311	413		307		452	270
Ak.- Kristjánsh.2, íbúð nr 208			113	104	303	189	272	232	308	248	243				308	104
Ak. - Furulundur 8K					279	162	-7	181	164	-2					279	-7
Ak. - Furulundur 8N	124	287	134	213	422	288	244	222	267	439	177				439	124
Einarsstaðir 13		342	324	320	355	460	387	363	340	339	407	373	319		460	319
Einarsstaðir 4		311	300	272	272	452	357	360	336	281	392	259	140		452	140
Flókalundur Vatnsfirði	74	57	207	207	430	348	355	376	192	301	439	375	382		439	57
Illugastaðir nr. 10		123	160	221	310	234	256	441	199	276	188	163	-88		441	-88
Illugastaðir nr. 3				101	175	233	178	262	237	193	283		64		283	64
Kirkjubæjarklaustur B-			202	70	212	267	308	252	291	128	236				308	70
Klífabotn , Lónssveit				224	122	307	241	458	330	165	192	238			458	122
Miðdalur - Gutenberg (Hús nr.1)	251	79	345	267	289	243	254	208	221	301	104	123	113		345	79
Miðdalur - Leturberg (Hús nr. 2)		192	407	399	208	270	423	250	199	326	391	270			423	192
Miðdalur - Litaberg (Hús nr. 7)		285	38	284	273	238	256	291	216	286	252	148			291	38
Miðdalur - Rúnaberg	350	252	399	411	311	403	270	282	268	484	422	134	394		484	134
Skógarnes nr 1		4	116	97	133	176	176	166	152	178	93	122			178	4
Skógarnes nr 2		59	125	114	169	178	186	197	159	195	97	161			197	59
Skógarnes nr 3	113	77	137	126	172	223	214	289	175	242	103	222			289	77
Skógarnes nr 4	329	87	156	277	356	258	290	401	177	273	113				401	87
Skógarnes nr 5		118	141	163	223	290	194	226	231	275	189	149	43		290	43
Skógarnes nr 6		133	153	205	233	295	195	232	241	288	224		52		295	52
Skógarnes nr 7		149	157	207	240	309	197	233	245	294	232		53		309	53
Skógarnes nr 8	66	154	159	228	246	324	203	344	245	295	240	169	55		344	55
Skógarnes nr 9			188	232	259	327	233	345	254	352	263	178	74		352	74
Skógarnes nr 10	148	156	214	243	332	335	266	356	268	393	326	185	115		393	115
Skógarnes nr 11	269	209	300	411	457	375	278	393	433	400	415	376	133		457	133
Skógarnes nr 12	113	85	197	179	240	282	379	291	280	298	189	235	105		379	85
Skógarnes nr 13	142	101	266	246	259	341	386	302	291	302	241	237	162		386	101
Skógarnes nr 14	445	118	326	266	300	426	407	350	334	342	358	333	169		445	118
Sk.nes v.Apavatn stóra húsið	113	141	252	216	179	356	391	465	433	359			411		465	113
Stykkishólmur - Skúlagata 23	-5	242	220	471	406		431	426	409	276	276		331		471	-5
Svignaskarð nr.3	46		108	216	240	215	192	216	358	254	133	93	-17		358	-17
Svignaskarð nr.4	224		183	279	281	329	192	223	365	264	169	227	90		365	90
Vaglaskógur	288	395	392	348	421	433	407	484	429	403	385	293	253		484	253
Varmahlíð, Skagafirði		-26	398	214	208	464	409	315	315	362	337	162	135		464	-26
Vestm.eyjar, Foldarhraun 9	186	259	264	335	321	411	318	335	252	347	261	265	81		411	81
Ölfusborgir 13	177	108	52	57	94	109	149	212	121	104	117		65		212	52
Ölfusborgir 16	199	142	96	182	216	127	177	320	178	192	185	4	98		320	4
Meðaltal	188	158	208	232	281	289	263	296	268	268	252	217	145		501	-105
Mesti fjöldi punkta	445	395	407	471	467	501	431	484	452	484	455	395	411			
Minnsti fjöldi punkta	-5	-26	38	47	122	115	-20	136	147	-20	93	93	-105			
Skógarn. stór hús (fæstir punktar)			141	163	223	282	194	226	231	275	189		43			
Skógarn. lítil hús (fæstir punktar)		4	116	97	133	176	176	166	152	178	93					
Skógarn. stór hús (flestar punktar)	445	209	326	411	457	426	407	393	433	400	415	376	169			
Skógarn. lítil hús (flestar punktar)	329	87	156	277	356	258	290	401	177	273	113	222				
Miðdalur (fæstir punktar)		79	38	267	208	238	254	208	199	286	104	123				
Miðdalur (flestar punktar)	350	285	407	411	311	403	423	291	268	484	422	270	394			

SUMARÚTHLUTUN 2020 - FYRRI UMFERÐ

Nafn orlofshúss	29.5.	5.6.	12.6.	19.6.	26.6.	3.7.	10.7.	17.7.	24.7.	31.7.	7.8.	14.8.	21.8.	Max	Min
Ak. - Kristjánsh. 2, íbúð nr 105			174	123	250	170	235	134	18	106	166			250	18
Ak. - Furulundur 8L					360	29				16				360	16
Ak. - Furulundur 8P	127		257	207	409	222	172	131	201	134	268			409	127
Ak. - Furulundur 8T			44		391	209	51		-65	130	64			391	-65
Ak. - Kristjánshagi 2, íbúð nr 107			103		242	70	202	111		104	142			242	70
Ak. - Kristjánshagi 2, íbúð nr 206	288				324	267	156	133	184	170	87	56		324	56
Ak. - Kristjánshagi 2, íbúð nr 207		218	310	145	251	191	307	168	64	255	273			310	64
Ak. - Kristjánshagi 2, íbúð nr 208			93		226		168	98		83	76			226	76
Ak. - Furulundur 8K			37		362	70				103				362	37
Ak. - Furulundur 8N	194	277	386	367	357	271	152	122	165	196		95		386	95
Einarssaðir 13		181		237	153	143	347	381	385	446	476	384		476	143
Einarssaðir 4		149		128	106	116	278	350	304	293		272		350	106
Flókalundur Vatnsfirði				128	245	336	320	394	265	324				394	128
Illugastaðir nr. 10		127	118		175	38	134	376	212	239	-24	52		376	-24
Illugastaðir nr. 3		99					74	175	410	218	308			410	74
Kirkjubæjarklaustur B	268		64				105		326	90	327	29		327	29
Klifabotn , Lónssveit								166	72					166	72
Miðdalur - Gutenberg (Hús nr. 1)						50			151	161		-10		161	-10
Miðdalur - Leturberg (Hús nr 2)					120	149	136	132	206	230	62			230	62
Miðdalur - Litaberg (Hús nr. 7)	58	102					16	275	284	303				303	16
Miðdalur - Rúnaberg	-231	271	109	243	161	214	185	287	196	257	53	238	75	287	-231
Ölfusborgir 13								-3		46				46	-3
Ölfusborgir 16	68		75		14	176	-42	107	270	100				270	-42
Skógarnes nr 1						132	139	115	68	108				139	68
Skógarnes nr 2				172		156		124	73	133				172	73
Skógarnes nr 3						195	171	126	120	135	32			195	32
Skógarnes nr 4			148			317	178	131	129	173	110	144		317	110
Skógarnes nr 5				98	35	183	154	132	140	166	82			183	35
Skógarnes nr 6						186	160	134	142	176	96			186	96
Skógarnes nr 7			57			202	175	154	148		103			202	57
Skógarnes nr 8			63	138	80		177	185	149	214	138	16		214	16
Skógarnes nr 9			183		118	232	204	247	158	227	178	45		247	45
Skógarnes nr 10		89	217	324	138	319	206	349		229	202	135		349	89
Skógarnes nr 11	104	213	367		301	323	224	402	184	245	286	207	107	402	104
Skógarnes nr 12			119	189		124	288	308	263	279	116	130		308	116
Skógarnes nr 13	59		185	199		144	298	356	347	311	200	201	53	356	53
Skógarnes nr 14	321		294	221		186	299	403	376	408	302	400	92	408	92
Sk.nes v. Apavatn stóra húsið	-38				244	236	307	282	200	225	374	129	-18	374	-38
Stykkishólmur - Skúlagata 23			65	200	135	165	370	349	211	363	122	219		370	65
Svignaskarð nr. 3							15	166	54					166	15
Svignaskarð nr. 4			154		87	179	182	181	196	65				196	65
Vaglaskógur	244	264		224	273	391	377	412	456	334	320	283	238	456	224
Varmahlíð, Skagafirði	137		177	371	235	347	292	292	333	301	204	34		371	34
Vestm.eyjar, Foldarhraun 9	203	184	143	360		307	252	148	329	408	279	67		408	67

Meðaltal 129 181 158 214 215 196 196 219 203 207 181 149 91 476 -231

Mesti fjöldi punkta 321 277 386 371 409 391 377 412 456 446 476 400 238

Minnsti fjöldi punkta -231 89 37 98 14 29 -42 -3 -65 16 -24 -10 -18

Skógarnes Stór hús (fæstir punktar) 59 89 57 98 35 124 154 132 140 166 82 16 53

Skógarnes Stór hús (flestar punktar) 321 213 367 324 301 323 299 403 376 408 302 400 107

Skógarnes lítill hús (fæstir punktar) 0 0 148 172 0 132 139 115 68 108 32 144 0

Skógarnes lítill hús (flestar punktar) 0 0 148 172 0 317 178 131 129 173 110 144 0

Covid-19 og áhrifa á ferðalög félagsmanna erlendis. Orlofskostum fjölgaði ekki á milli ára og því ljóst að það fjölgaði verulega í hópi þeirra sem fengu synjun á umsókn sína. Einnig voru fjölmargir sem fengu synjun þrátt fyrir ágætis punktastöðu. Eðlilega var nokkur óánægja vegna þessa og því mikilvægt að horfa til punktastöðu þess sem fékk úthlutað. Niðurstöður úthlutunar út frá punktastöðu eru birtar á heimasíðu RSÍ í kjölfar úthlutunar ár hvert. Í töflum 3 og 4 má sjá hæstu og lægstu punkta í hverju orlofshúsi fyrir sig sem og punktastöðu þess sem fékk úthlutun í hverri viku fyrir sig. Ef við rýnum í tölfraðina og skoðum meðaltal punktafjölda sem þurfti til úthlutunar 2021 er meðaltalið 236 punktar samanborið við 180 punkta 2020. Ef rýnt er í einstaka hús má sjá að nokkur munur er á milli ára, hæsta punktastaða til úthlutunar á stóra húsinu á Skógarnesi 2021 er 465 punktar samanborið við 374 punkta 2020. Punktastaðan er hins vegar sambærileg á milli ára í húsi 13 á Einarssstöðum, ekki marktækur munur. Hvort áhrifa samkomutakmarkana gæti í þessu sambandi er erfitt að fullyrða um en fróðlegt verður að skoða hvort þessi aukning á fjölda umsókna muni ganga til baka þegar áhrifa af Covid-19 fara minnkandi.

Tjaldsvæðin í Miðdal og á Skógarnesi.

Þau nýmæli voru á tjaldsvæðum RSÍ sumarið 2020 að félagar og gestir þeirra þurftu að bóka tjaldstæði í gegnum orlofsvef áður en mætt var á svæðið. Öllum tjaldsvæðum var skipt upp í stæði þar sem tekið var mið af þeim fjarlægðarmörkunum sem þurfti að tryggja vegna smitvarna. Uppskipting var jafnframt gerð til þess að tryggja að mögulegt væri að tryggja að fjöldi tjaldgesta færi ekki umfram sóttvarnarreglur. Svæðin voru teiknuð upp og stillt upp í kerfinu auk þess að númerum var komið fyrir á staðnum. Gjaldskrá var breytt vegna þessa og kostaði nóttin 2.000 kr. fyrir félagsmenn með rafmagni og 3.000 kr. fyrir gesti þeirra. Ekki var annað að heyra en að félagsmenn og gestir þeirra hafi verið ánægðir með fyrirkomulagið, að geta bókað stæði og vita að það biði þegar viðkomandi mætti á svæðið. Óttast var að aðsókn yrði með meira móti vegna aðstæðna og því kostur að draga úr óánægju með að mæta á fullt tjaldstæði. Það þarf þó að hafa í huga að með fyrirkomulagi sem þessu eru færri sem komast að en í venjulegu ári

en hefðbundið fyrirkomulag var ekki mögulegt í ljósi þeirra samkomutakmarkana sem voru í gildi meira og minna allt síðasta sumar. Til að tryggja smitvarnir voru settir upp sjálfvirkir sprittstandar þar sem mögulegt var t.d. á salernishúsum og þau þrífín og sótthreinsuð oftast en í venjulegu ári. Í kjölfar breytinga á samkomubanni rétt fyrir verslunarmannahelgi þurfti að bregðast hratt við þar sem tjaldsvæðin voru fullbókuð. Fjölmargir tóku hins vegar þá ákvörðun að afbóka og því hægt að halda svæðinu opnu. Allri sameiginlegri þjónustu var lokað og svæðið afmörkuð, t.d. máttu gestir á svæði A á Skógarnesi eingöngu vera þar og svæði B, C, og D voru sameiginleg. Gestir í orlofshúsum fengu þær upplýsingar að þeim væri óheimilt að fara inn á tjaldsvæðin. Leiksvæðin voru lokað einstaklingum fæddum 2004 eða fyrr. Það er mat umsjónarmanna að þetta fyrirkomulag hafi gengið vel og lang flestir fylgt þeim fyrirmælum sem lagt var upp með.

Nýting orlofshúsa

Eins og sjá má í töflu 5 á bls. 23 er nýting orlofshúsanna nokkuð minni en árið á undan og ástæður þess raktar hér að framan. Vinsældir orlofshúsanna eru aðeins breytilegar á milli ára en hús B á Kirkjubæjarklaustri nýtur mikilli vinsælda og nýtingin best þar bæði 2019 og 2020. Nýtingarhlutfallið í húsum 5-14 á Skógarnesi eykst frá árinu 2019 þrátt fyrir áhrif Covid-19 á orlofskerfið á síðasta ári og fer úr 19 sæti í það sjöunda. Sömu sögu er að segja um orlofshúsin í Miðdal þar sem nýtingarhlutfallið hækkar á milli ára, fer úr 23. sæti 2019 í 9. sæti 2020. Þetta eru athyglisverðar tölur í ljósi þeirrar stöðu sem var á síðasta ári en í öllum öðrum orlofsíbúðum og húsum var nýtingin slakari en árið á undan. Ásókn í íbúðir á höfuðborgarsvæðinu minnkaði nokkuð frá árinu á undan, en fara þarf varlega í að draga ályktanir um minnkandi aðsókn þar sem samkomutakmarkanir höfðu áhrif á ferðalög félagsmanna af landsbyggðinni. Að loknu góðu sumri tók faraldurinn við sér aftur með tilheyrandi áhrifum á orlofskerfið en því var lokað í heild sinni í þrjár vikur í nóvember 2020. Í framhaldinu voru áframhaldandi takmarkanir með lokunum í miðri viku fram á árið 2021. Í heild sinni eru nýtingartölur tölvuvert undir viðmiðum síðustu ára og ljóst að Covid-19 hefur haft mikil áhrif á rekstur orlofsjóðs 2020.

Tafla 5

	Dagar	Leiga	Hlutfall	Röð	Dagar	Leiga	Hlutfall	Röð	Dagar	Leiga	Hlutfall	Röð	Dagar	Leiga	Hlutfall	Röð
	2020	2020	2020		2019	2019	2019		2018	2018	2018		2017	2017	2017	
Akureyri - Furulundur	1.825	829	45,4%	17	1.295	817	63,1%	15	1.095	743	67,9%	10	1.095	912	83,3%	4
Akureyri - Kristjánshagi	2.190	929	42,4%	18	2.190	1.402	64,0%	14	1.860	1.124	60,4%	16				
Illugastaðir 3	365	148	40,5%	19	90	14	15,6%	24								
Einarsstaðir	730	382	52,3%	13	1.095	648	59,2%	17	1.095	556	50,8%	19	1.095	511	46,7%	16
Flórida	730	96	13,2%	24	730	340	46,6%	21								
Kaupmannahöfn	240	75	31,3%	21	365	238	65,2%	13	365	250	68,5%	8	365	250	68,5%	10
Klaustur B hús	365	277	75,9%	1	365	347	95,1%	1	109	88	80,7%	4	63	63	100,0%	1
Klaustur lítil hús	730	228	31,2%	22	730	376	51,5%	20	458	209	45,6%	20	492	235	47,8%	15
Klífabotn / Illugastaðir	730	251	34,4%	20	730	328	44,9%	22	730	293	40,1%	21	730	308	42,2%	17
Reykjavík - Gerplustræti	730	415	56,8%	11	730	491	67,3%	12	186	127	68,3%	9				
Reykjavík - Hverfisgata	1.095	552	50,4%	15	1.095	799	73,0%	8	279	143	51,3%	18				
Reykjavík - Ljósheimar	1.825	955	52,3%	13	2.280	1.652	72,5%	9	2.190	1.696	77,4%	5	2.190	1.617	73,8%	8
Skógarnes - minni hús	1.460	851	58,3%	6	1.460	1.168	80,0%	4	1.460	904	61,9%	14	1.460	942	64,5%	11
Skógarnes - stóra húsið	365	176	48,2%	16	365	216	59,2%	17	365	214	58,6%	17	365	209	57,3%	14
Skógarnes - stærri hús	3.650	2.100	57,5%	7	3.650	2.072	56,8%	19	3.650	2.269	62,2%	13	3.650	2.304	63,1%	12
Spánn	1.095	269	24,6%	23	1.095	768	70,1%	10	650	588	90,5%	1	730	610	83,6%	3
Miðdalur	1.460	839	57,5%	9	450	185	41,1%	23								
Stykkishólmur	365	205	56,2%	12	365	251	68,8%	11	310	196	63,2%	12				
Svignaskarð	730	441	60,4%	4	730	448	61,4%	16	730	442	60,5%	15	730	439	60,1%	13
Vaglaskógur	365	210	57,5%	7	365	279	76,4%	5	365	268	73,4%	6	365	271	74,2%	7
Varmahlíð	365	208	57,0%	10	365	270	74,0%	7	365	246	67,4%	11	365	260	71,2%	9
Vatnsfjörður	112	84	75,0%	2	112	92	82,1%	3	112	92	82,1%	3	112	109	97,3%	2
Vestmannaeyjar	240	141	58,8%	5	200	177	88,5%	2	180	153	85,0%	2	200	156	78,0%	5
Ölfusborgir	730	451	61,8%	3	455	339	74,5%	6	485	336	69,3%	7	1.095	820	74,9%	6
	22.492	11.112	49,4%		21.307	13.717	64,4%		17.039	10.937	64,2%		15.102	10.016	66,3%	

Tekjur og gjöld á hvert orlofshús

Í töflu 6 á bls 24 má sjá hver kostnaðurinn er af rekstri orlofshúsa RSÍ ásamt því að sýndur er samanburður á milli ára. Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði hefur verið að hækka á undanförunum árum en eins og gefur að skilja og margoft er búið að koma inn á þetta hlutfall afar óhagstætt á síðasta ári. Viðhald er mikilvægur þátt í rekstri orlofshúsakerfis og kostnaður sem ekki verður hjá komist í kerfi sem þessu þrátt fyrir erfiða stöðu eins og var á síðasta starfsári. Markmiðið er að veita góða þjónustu með góðum orlofshúsum/íbúðum sem uppfylla kröfur félaga okkar sem og að rýra ekki eignastöðu sjóðsins. Í töflu 6 má sjá samanburð á milli árunna 2019 og 2020 þar sem fram kemur að leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði á stóra húsinu á Skógarnesi

lækkaði um 35% á síðasta ári sem mun meira en í öðrum húsum þar. Það er komið til af því að stóra húsið var lokað lengur en önnur hús sökum þess fjölda sem getur gist þar, en allan þann tíma sem samkomubann miðaðist við 20 manns þurfti að hafa það lokað. Svipaða sögu er að segja af tjaldsvæðum en leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði lækkar um 50% á milli ára. Það er komið til vegna þeirrar vinnu sem þurfti að fara í við skipulag svæðisins til að hægt væri að halda því opnu á Covid tímum. Vegna sóttvarnarlaga voru stæðin færri en í venjulegu ári og strangt samkomubann seinni hluta sumars hafði jafnframt áhrif. Mikilvægt er að leggja mat á það hvort fyrirkomulag sem þetta sé komið til að vera, fjölmargir félagsmenn hafa látið í ljós ánægju sína með þetta fyrirkomulag þótt vafalaust séu á því

skiptar skoðanir. Á tímum alheimsfaraldurs er þetta fyrirkomulag sem við þurfum að búa við en hvort það sé komið til að vera þarf að leggja mat á.

Í töflu 6 má einnig sjá hvernig tekjur og gjöld skiptast á milli mismunandi orlofshúsasvæða ásamt því að sjá má hvernig tekjur og gjöld skiptast niður á hverja einingu (hús). Þarna má sjá hversu há leigan er sem hlutfall af rekstrarkostnaði

eru greiddir til þeirra félaga sem hafa fullnýtt veikindarétt hjá vinnuveitanda og verða þar með tekjulausir á veikindatíma. Þetta er jafnframt einn af þeim þáttum sem hefur aukist hvað mest á liðnu ári. Á árinu 2019 sáum við verulega aukningu í útgreiðslu styrkja og vega sjúkradagpeningar þar eðlilega þyngst. Á árinu 2020 hélt sú þróun áfram en í fyrsta skipti voru útgreiðslur meiri en heildartekjur sjóðsins yfir árið. Almennt hefur

Tafla 6

		Heildartekjur	Heildargjöld	Tekjur pr.hús	Gjöld pr.hús	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði		
	Fjöld.hús á árg.velli	2020	2020	2020	2020	2020	2019	2018
Reykjavík - Ljósheimar	5	4.133.370	10.022.829	826.674	2.004.566	41,2%	42,2%	76,7%
Reykjavík - Hverfisgata	3	3.788.850	5.290.544	1.262.950	1.763.515	71,6%	113,1%	
Reykjavík - Gerplustræti	2	2.351.376	3.381.407	1.175.688	1.690.704	69,5%	99,5%	
Svignaskarð	2	1.566.200	6.351.618	783.100	3.175.809	24,7%	29,3%	39,8%
Vatnsfjörður - Flókalundur	1	276.000	1.329.139	276.000	1.329.139	20,8%	25,8%	26,0%
Varmahlíð	1	952.200	1.628.539	952.200	1.628.539	58,5%	75,9%	99,6%
Furulundur Ak. 3+2	5	3.979.200	8.311.517	795.840	1.662.303	47,9%	65,4%	38,0%
Kristj.hagi Ak.	6	4.644.805	9.967.787	774.134	1.661.298	46,6%	74,1%	68,9%
Vaglaskógur	1	1.340.800	3.125.688	1.340.800	3.125.688	42,9%	57,9%	44,2%
Einarsstaðir	3	938.800	9.753.945	312.933	3.251.315	9,6%	31,0%	12,1%
Klifabotn	2	764.400	3.281.745	382.200	1.640.873	23,3%	22,8%	31,0%
Klaustur B+2 lítil	3	1.226.600	1.097.118	408.867	365.706	111,8%	265,5%	173,8%
Skógarnes - minni hús	4	3.777.250	15.118.368	944.313	3.779.592	25,0%	28,9%	32,9%
Skógarnes - stærri hús	10	10.975.800	37.795.920	1.097.580	3.779.592	29,0%	34,6%	38,3%
Skógarnes - aðalh.	1	2.187.400	3.779.592	2.187.400	3.779.592	57,9%	81,8%	71,6%
Skógarn- Tjaldst.	3	5.745.500	11.338.776	1.915.167	3.779.592	50,7%	81,8%	38,7%
Ölfusborgir 1+1	2	1.793.700	3.960.586	896.850	1.980.293	45,3%	39,2%	35,5%
Stykkishólmur	1	975.700	3.903.023	975.700	3.903.023	25,0%	33,2%	21,3%
Miðdalur 4 búst.	4	3.996.500	17.926.759	999.125	4.481.690	22,3%	0,0%	
Miðdalur Svæði + þj.hús	2	2.768.500	14.548.882	1.384.250	7.274.441	19,0%	0,0%	
Spánn La Zenia	3	34.705	3.083.771	11.568	1.027.924	1,1%	108,8%	92,9%
Florida USA**	2	-553.250	3.594.982	-276.625	1.797.491	-15,4%	83,7%	10,0%
Kaupmannahöfn */**	1	-498.000	3.758.364	-498.000	3.758.364	-13,3%	94,6%	74,1%
Vestmannaeyjar	1	934.500	5.188.369	934.500	5.188.369	18,0%	32,4%	46,3%
Meðaltal	67	58.100.906	187.539.268	19.586.589	69.626.907	34,7%	63,4%	53,6%

* Hætt var með íbúð í lok árs 2020 ** Afbókanir á árinu 2020 voru umfram tekjur fyrir greidda leigu á árinu 2020

húsanna og sýnir taflan hvernig þróun leigu sem hlutfalls af kostnaði er á milli ára. Hagstæðustu húsin / íbúðirnar að þessu sinni (að undanskildum húsum á Klaustri sem hafa verið í langtímaleigu) eru íbúðirnar á Hverfisgötu og Gerplustræti.

STYRKARSJÓÐUR RSÍ

Styrktarsjóður RSÍ er einn mikilvægasti sjóður sambandsins og hefur nýtingin á honum aukist jafnt og þétt síðustu árin. Sjúkradagpeningar

verið miðað við að útgreiddir styrkir séu í kringum 65% af tekjum, því til viðbótar á eftir að bæta við öllum rekstrarkostnaði sjóðsins. Sjóðurinn er hins vegar sterkur og stendur vel undir þessum auknu útgjöldum og getur tekist á við áframhaldandi aukningu í nokkur ár hið minnsta. Hlutverk sjóðsins kemur hins vegar sterkt fram við þessar aðstæður, að styðja við félagsmenn þegar á reynir. Útgreiðslur vegna sjúkradagpeninga jukust úr 229 milljónum 2019 upp í rúmar 316 milljónir 2020 sem er aukning upp á 38% sem er örlítið minni hækkun

en var árið á undan, var 44% á milli árána 2018 og 2019. Ef við skoðum hækkun á útgreiðslum sjúkradagpeninga frá 2018 til dagsins í dag má sjá að hún er töluverð eða 98,7%

Í töflu 7 koma fram útgreiðslur styrkja og sjúkradagpeninga 2020 og samanburður við árið 2019. Þar má sjá að hækkun er á útgreiðslum allra styrkja nema fjögurra. Hækkunin er þó mismikil en veruleg í fjölmörgum tilvikum. Mikil fjölgun var á þeim sem fengu greiddan jólastyrk, 120% aukning. Skilyrði jólastyrks voru að umsækjandi hefði fengið greidda sjúkradagpeninga í 6 mánuði eða lengur. Skýringin á þessari aukningu er aukinn fjöldi kennitala sem var að fá greidda sjúkradagpeninga á þessum tíma ásamt því að líklega eru færri á síðasta ári en árið á undan sem áttu rétt á desemberuppbót frá vinnuveitanda. Nokkuð færri sóttu um læknskostnað en árið áður, 20 færri en árið 2019. Í ágúst 2020 tóku í gildi breytingar á fyrirkomulagi styrkja þar sem heyrnatæki urðu sérstyrkur en féll áður undir læknskostnað. 26 kennitölur eru á bak við þann styrk á síðasta ári sem gæti skýrt þennan mun. Einnig varð mikil hækkun á útgreiðslum vegna hjartaverndar og

krabbameinsskoðunar sem tók gildi í ágúst 2020 en þeir styrkir voru hækkaðir úr 10.000 kr í 30.000 kr á hverju 12 mánaða tímabili. Styrkur vegna glasa/tæknifrjógvuna breyttist einnig, nú er hægt að sækja um styrk vegna fjögurra meðferða, ekki er lengur skilyrði um tímalengd á milli umsókna. Umsóknum um fæðingarstyrk fækkaði örlítið á milli árána 2018 og 2019 en hefur aukist aftur eða um tæp 16%. Þetta segir okkur að sveiflur geti verið á milli ára án þess að þær eigi sér haldbærar skýringar. Útgreiðslur vegna líkamsræktarstyrks hafa aukist jafnt og þétt frá árinu 2010, breyting varð þar á 2020, en útgreiðslur lækkuðu þá um rúm 8% á milli ára. Ekki er ólíklegt að skýringu á því megi rekja til tímabundinnar lokunar á líkamsræktarstöðum vegna samkomutakmarkana. Í ljósi þessara aðstæðna samþykkti miðstjórn RSÍ í október 2020 að styrkja áskriftargjöld vegna sýndarveruleikaforrita sem eru til þess fallin að stunda íþróttir t.d. golf, róður, hjól eða hlaup. Heildarupphæð styrkja sem greiddir voru út árið 2020 eru 430,717 milljónir og jukust um 32,6% á milli ára. Í töflu 8 á bls. 26 má sjá þróun á útgreiðslu styrkja frá árunum 2013 - 2020.

Tafla 7

	2020		2019		Mismunur	
	Upphæð	Fjöldi kennitala	Upphæð	Fjöldi kennitala	Upphæð	%
Sjúkradagpen.	316.131.673	147	228.964.433	141	87.167.240	38,1%
Fæðingarstyrkur	21.859.622	138	18.870.901	118	2.988.721	15,8%
Jólastyrkir	1.694.030	25	770.719	15	923.311	119,8%
Ferðastyrkir	392.000	15	191.000	9	201.000	105,2%
Líkamsr./eldri	874.917	35	442.987	21	431.930	97,5%
Líkamsræktarstyrkir	33.579.239	1.270	36.642.785	1.411	-3.063.546	-8,4%
Sjúkraþjálfun og nudd	9.277.493	431	6.326.000	353	2.951.493	46,7%
Læknis- og lyfjakostn.	5.896.357	67	6.025.918	87	-129.561	-2,2%
Gleraugnastyrkir	8.674.630	255	9.177.391	345	-502.761	-5,5%
Hjartavernd	1.335.129	75	699.950	81	635.179	90,7%
Glasa/tæknifrjógvun	4.031.600	47	1.567.200	19	2.464.400	157,2%
Krabbameinsskoðun	1.312.779	123	655.523	111	657.256	100,3%
Útfararstyrkir	11.778.290	29	5.516.360	11	6.261.930	113,5%
Viðtalsmeðferð	9.538.121	275	6.677.629	214	2.860.492	42,8%
Aðrir styrkir	1.176.600	8	2.296.124	25	-1.119.524	-48,8%
Heyrnatæki	2.896.192	26	0		2.896.192	100,0%
Stoðtæki	268.369	23	0		268.369	100,0%
Samtals	430.717.041	2.989	324.824.920	2.961	105.892.121	32,6%

Tafla 8

Styrkir	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013
Sjúkradagpeningar	316.131.673	228.964.433	159.159.176	150.667.226	116.553.388	106.508.713	89.592.487	96.075.222
Fæðingastyrkur	21.859.622	18.870.901	20.456.691	20.615.270	21.724.279			
Eingr.dánarbætur	11.778.290	5.516.360	5.105.748	9.637.821	9.971.212	14.138.890	9.017.224	6.351.266
Sjúkran. og sjúkrabjálfun	9.277.493	6.326.000	5.862.000	5.812.500	7.163.000	5.283.900	5.866.500	6.163.050
Lyfja og lækni-kostnaður	5.896.357	6.025.918	6.201.414	6.653.459	5.715.921	4.368.935	4.857.390	4.638.704
Hjartavernd	1.335.129	699.950	542.924	631.418	506.404	425.671	490.000	490.957
Glasa- og tækni-frjóvgun	4.031.600	1.567.200	1.300.000	2.060.480	803.400	1.604.674	1.645.539	1.289.563
Krabbameinsskoðun	1.312.779	655.523	531.088	414.704	683.895	571.541	401.474	377.073
Sálfræði- og viðtals-meðferð	9.538.121	6.677.629	5.985.988	3.843.000	2.758.606	2.232.420	1.765.100	1.231.266
Ferðastyrkir	392.000	191.000	182.795	194.000	369.000	246.000	241.000	224.000
Líkamsrækt eldri borgara	874.917	442.987						
Líkamsr. og for-varnarstarf	33.579.239	36.642.785	32.771.182	25.831.343	25.828.900	25.255.497	25.573.364	25.314.371
Gleraugnastyrkir	8.674.630	9.177.391	8.469.727	7.103.446	7.085.317	6.015.995	6.142.177	5.797.139
Jólastyrkur	1.694.030	770.719	439.633	963.200	590.400	194.300	403.200	1.077.894
Aðrir styrkir	1.176.600	2.296.124	2.151.626	1.394.956	836.161	2.553.334	1.184.05	2.254.680
Heyrnatæki	2.896.192							
Stoðtæki	268.369							
Samtals	430.717.041	324.824.920	249.159.992	235.822.823	200.589.883	169.399.870	147.179.505	151.285.185
% munur milli ára	24,6%	23,3%	5,4%	14,9%	15,5%	13,1%	-2,8%	5,8%
Iðgjöld félagsmanna	4.422.758	4.033.113	3.830.750	3.584.621	3.174.003	2.833.254	2.658.458	2.486.642
Iðgjöld atvinnu-rekenda	420.074.750	393.055.553	375.056.313	351.095.866	312.144.266	277.160.047	258.972.104	241.240.155
Heildariðgjöld	424.497.508	397.088.666	378.887.063	354.680.487	315.318.269	279.993.301	261.630.562	243.726.797
Hlutfall styrkja af iðgjöldum	101%	82%	66%	66%	64%	61%	56%	62%
Viðmið miðstjórnar	65%	65%	65%	65%	65%	65%	65%	65%

Námskeiðsstyrkir

Í töflu 9 má sjá útgreiðslur námsstyrkja 2020 og samanburð á milli ára frá árinu 2018. Menntastyrkur er að hámarki kr 140.000. Endurgreitt er helmingur þeirrar upphæðar er kvittun segir til um, en aldrei hærrí upphæð en kr. 140.000. Ferðakostnaður er ekki greiddur. Styrkur er ekki veittur til sambærilegs náms eða námskeiðs og er í boði hjá Rafmennt. Í töflu 9 má sjá að mikil aukning er á nýtingu menntastyrks á milli árunna 2019 og 2020, fer úr 3.5 milljónum 2019 í rúma 21 milljón

2020. Þessi þróun sýnir ánægju félagsmanna með þennan styrk en skýringin er jafnframt komin til vegna breytinga sem tóku gildi 1. janúar 2020 en þá voru tveir styrkir sameinaðir í einn. Það gerði að verkum að styrkur vegna framhaldsnáms hækkaði um 80.000 kr. Aðrir námskeiðsstyrkir hækka ekki á milli ára. Ekki er ólíklegt að skýringu á því megi finna í samkomutakmörkunum vegna Covid-19 sem dró úr möguleikum félagsmanna til endurmenntunar.

Tafla 9

	2020	2019	2018
Menntastyrkur kr. 140.000	21.227.630	3.487.964	3.795.273
Námskeiðsstyrkir kr. 25.000	6.029.638	6.108.242	4.574.803
Námskeiðsstyrkur - FÍS - kr. 70.000	4.434.270	4.721.780	5.266.140
Starfstengdir styrkir / framhaldsnám		5.615.125	3.468.375
Fræðslusjóður GRAFÍA nám innan/erl. kr. 280.000	5.532.067		
Fræðslusjóður GRAFÍA tómstundast. kr. 70.000	660.942		
Samtals	37.884.547	19.933.111	17.104.591

BJARG ÍBÚÐAFÉLAG

Árið 2017 var Bjarg íbúðafélag stofnað af ASÍ og BSRB. Hlutverk félagsins er að byggja íbúðir og leigja tekjulágum fjölskyldum sem eru á vinnu- markaði og tryggja þeim langtímaleiguhúsnæði.

Tafla 10

	Leigutakar	Á biðlista
Félag íslenskra rafvirkja	5	9
Félag tæknifólks	2	4
Félag rafeindavirkja	1	4
Grafía	5	7
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja	0	2
Félag íslenskra símamanna	1	2
Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi	0	2
Rafiðnaðarfélag Norðurlands	0	0
Samtals	14	30

Félagið er rekið án hagnaðarmarkmiða.

Allt frá stofnun hafa verið byggðar og afhentar leigutökum 473 íbúðir. Framkvæmdir eru hafnar við 240 íbúðir til viðbótar en síðan eru 374 íbúðir í undirbúningsferli. Bjarg hefur gert viljayfirlýsingar við sveitarfélög um stofnframlög og lóðir vegna 1.300 íbúða víðsvegar um landið.

Þegar kemur að félögum innan RSÍ þá hafa 14 félagar fengið íbúð úthlutað og falla þar með undir þær skilgreiningar sem gerðar eru til leigu. 30 félagar eru á biðlista eftir íbúð. Þess ber að geta að hlutfallslega eiga fleiri félagar innan RSÍ eigið húsnæði í samanburði við önnur félög innan ASÍ. Til dæmis má geta þess að samkvæmt úttekt Vörðu á stöðu félaga innan FÍR þá eiga um 87% félaga eigið húsnæði á meðan hlutfallið hjá öðrum félögum er 71,1%. Í töflu 9 má sjá sundurliðun á fjölda leigjenda hjá Bjargi íbúðafélagi á aðildar- félög RSÍ.



ÁKVÆÐISVINNUSTOFA

Starfsemi Ákvæðisvinnustofu 2020

Starfsemi Ákvæðisvinnustofu rafiðna var töluvert sérstök á árinu 2020 eins og gefur að skilja. En þó voru fastir liðir eins og venjulega að sinna ákvæðisgrunninum og kennslu í Rafmennt.

Einnig var unnið að innleiðingu Oira áhættumati fyrir sviðslistir í samvinnu við Rafmennt og vinnu-eftirlitið ásamt því að starfsmaður Ákvæðisvinnustofu hefur séð um skipulag og þjálfun fyrir Euroskills í húsa- og iðnaðarrafragn.

Starfsmaður Ákvæðisvinnustofu hefur séð um skipulagningu og framkvæmd Íslandsmóts í rafvirkjun, en undirbúningur fyrir það átti að fara á fullt í lok árs 2020 en því var frestað vegna Covid. Skilyrði þess að fá aðgang að ákvæðisvinnugrunninum á netinu er að greitt sé af viðkomandi 0,1% af launum í ákvæðisvinnugjald og gildir það um félagsmenn í sveinafélögum rafvirkja. Fyrirtæki geta einnig fengið aðgang ef þau greiða til SART.

Samningsbundið einingaverð sveina hækkaði 1. apríl 2020 úr 647,85 kr. í 665,34 kr. eða um 2,7%.

Ákvæðisnefnd hélt 8 fundi á árinu 2020 varðandi ýmis mál er vörðuðu ákvæðisgrunninn.

En stefnan er tekin á fleiri fundi á árinu 2021 þar sem ekki var hægt að funda eins oft og þörf krafðist árið 2020.

Breytingar á Ákvæðisvinnunefnd

Í upphafi árs 2020 var nefndin skipuð Kristbirni Óla og Sigurði Svavarsyni frá SART en þeim Tómasi Tómassyni og Þór Ottesen frá RSÍ. Þór Ottesen hætti í nefndinni þar sem hann er að mestu hættur að vinna og skipaði FÍR Odd Bogason frá BYGG í hans stað. Guðjón Guðmundsson er enn vara- maður frá SART og Sigurður Freyr frá FÍR.

Uppfærsla á ar.is

Ný heimasíða leit dagsins ljós árið 2020 og féll hún mjög vel í kramið hjá notendum. Aukin hraði ásamt nýjum möguleikum gera Ákvæðisvinnugrunninn töluvert aðgengilegri. Síðan er notendavænni í spjaldtölvum og sínum, sem er lykilatriði til þess

að ná inn notendum nútímans. Einnig opnast nú möguleikar til ýmissa uppfærslna til framtíðar.

API (fjarrænn aðgangur) hefur reynst gríðarlega verðmætur og skiptir sköpum í þróunarvinnu varðandi tilboðsútboðssíðu Ákvæðisvinnustofu sem fór af stað í lok árs 2020.

Verkefnin

Stærsta verkefnið framundan hjá Ákvæðisvinnustofu er án efa tilboðs-útboðssíða sem er í vinnslu og mun vonandi vera tilbúin til notkunar í lok árs 2021. Þeirri síðu er ætlað hönnuðum og rafverktökum til þess að samræma gögn og skilning aðila á verkefnum. Þar verður hægt að gera kostnaðaráætlanir, útboð og tilboð í verkefni. Rýnihópur frá stærstu verkfræðistofunum ásamt stærstu rafverktökunum kemur að þróun og hugmyndavinnu síðunnar. En framkvæmdin sjálf er á höndum Ákvæðisvinnustofu. Verkefnið getur talist sem tímamótaverkefni í rafiðnaði og vonar undirritaður að vel takist til.

Kynningarmál

Kynningarstarf féll að mestu leyti niður vegna Covid enda ekki hægt að heimsækja skóla eða fyrirtæki.

En vonir standa til að auka verulega í kynningar í lok árs 2021 og byrjun árs 2022 til þess að vinna upp tapaðan tíma.

Notkun ákvæðisgrunnins

Notkun ákvæðisgrunnins jókst á milli árána 2019 og 2020. Fjöldi stofnaðra einingarblaða hefur aukist hvað mest, og er það merki um að fleiri verktakar séu að gera tilboð út frá Ákvæðisvinnuverðskrá.

Einnig hafa ný fyrirtæki bæst í hóp þeirra sem vinna í uppmælingu, og er þar helst að nefna Rýmd sem er með ca 10-20 rafvirkja að vinna í uppmælingu.

Meðaleiningar á tímann í ákvæðisvinnu stóð í stað milli ára. Meðaldagvinnukaup sveina í ákvæðisvinnu voru ca 4200 kr á tímann.

F.h. Ákvæðisvinnustofu rafiðna Andri Reyrr Haraldsson



RAF MENNT

fræðslusetur rafiðnaðarins

ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR

Þriðja starfsár RAFMENNTAR

INNIHALD

starfsemi RAFMENNTAR
fræðsluseturs rafiðnaðarins árið 2020

Pór Pálsson

Framkvæmdastjóri

Starfsár RAFMENNTAR 2020

Stjórn

Stjórn RAFMENNTAR fram að aðalfundi félaganna 10. júní var þannig skipuð; Andri Jóhannesson (RSÍ), Hafliði Sívertsen (RSÍ), Helgi Rafnsson (SART), Hilmar Guðmannsson (RSÍ), Hjörleifur Stefánsson (SART) formaður, Hrafn Guðbrandsson (RSÍ) varaformaður, Sigurður Gunnarsson (SART) og Vilmundur Sigurðsson (SART). Varamenn í stjórn eru Kristján D. Sigurbergsson (SART) og Kristján Þórður Snæbjarnarson (RSÍ).

Á aðalfundi gengu úr stjórn; Hrafn Guðbrandsson, Hafliði Sívertsen og varamaðurinn Kristján Þórður Snæbjarnarson.

Stjórn RAFMENNTAR frá 10. júní 2020 var þannig skipuð; Andri Jóhannesson (RSÍ), Helgi Rafnsson (SART), Hilmar Guðmannsson (RSÍ), Hjörleifur Stefánsson (SART) formaður, Jakob Tryggvason (RSÍ), Margrét Halldóra Arnardóttir (RSÍ), Sigurður Gunnarsson (SART) og Vilmundur Sigurðsson (SART). Varamenn í stjórn eru Finnur Víkingsson (RSÍ) og Kristján D. Sigurbergsson (SART).

Stjórnin hélt 9 fundi á árinu. Tveir fundir voru haldnir í fjarfundi vegna Covid-19.

Starfsmenn

Ein breyting var á starfsmönnum RAFMENNTAR. Jens Heiðar Ragnarsson lét af störfum. Í hans stað var ráðinn Guðmundur Sigurður Jónsson.

Auk fastráðinna starfsmanna, komu 34 utanaðkomandi kennarar/leiðbeinendur að kennslu meistaraskóla og á námskeiðum á árinu 2020. Einnig komu 11 aðilar að raunfærnimati. Eru þetta sem fyrr aðilar sem ýmist starfa sem kennarar við verkmenntaskóla eða sérfræðingar, hver á sínu sviði sem tæknifræðingar/verkfræðingar/iðnfræðingar, á verkfræðistofum eða sjálfstætt starfandi.

Nú sem fyrr er það skoðun þeirra sem koma að stjórn RAFMENNTAR, að fá sem hæfustu einstaklinga úr atvinnulífinu til að sinna kennslu/leiðsögn á námskeiðum og þeim verkefnum sem

þurfa sérfræðipækkingu. Það er það form sem gagnast fræðslunni best enda er þá um að ræða einstaklinga sem eru að fást við nýjustu tækni og búnað hverju sinni.

Námskeið

Aðsókn á námskeið og fyrirlestra jókst á árinu 2020 frá árinu á undan. Lagt hefur verið upp með að auka áherslu á virkni RAFMENNTAR á samfélagsmiðlum með auglýsingarnar á námskeiðum. Mikilvægi endurmenntunar er alltaf að aukast vegna sífelldrar þróunar í tækni og búnaði sem félagsmenn okkar eru að glíma við alla daga. Það ætti að ýta á að þeir leiti sér stuðnings til að geta tekist á við tækniþróunina.

Skipta má námskeiðahaldi RAFMENNTAR í tvær gerðir. Annars vegar endurmenntun og hins vegar námskeið meistaraskóla.


Munurinn á þessu tvennu er sá að námskeið meistaraskóla eru skyldunámskeið fyrir þá sem ætla sér að öðlast meistararéttindi.

Ný námskrá meistaraskóla var samþykkt í Starfsgreinaráði haustið 2018 og hefur hún nú komið að fullu til framkvæmdar. Nokkrar áherslubreytingar voru gerðar frá fyrri námskrá þar sem fyrst og fremst er hugsað hvað það er sem rafvirkja-meistari þurfi að kunna umfram svein í störfum sínum. Fagáfangarnir telja allir til eininga eins og annað nám í framhaldsskóla.

Á árinu 2020 voru kenndir 46 hópar af áföngum í meistaraskóla. Aðsókn í nám í meistaraskóla jókst á árinu og hafa ekki fleiri stundað nám í meistaraskóla undanfarin ár. Á súluriti sést þróun í nemendafjölda og fjölda hópa frá árinu 2016.

Á árinu voru 60 nemendur sem voru með fleiri en 9 einingar á önn. Sjá má á töflunni, að fjöldi útskrifaðra er einnig að aukast en þeir voru 32 á árinu. Fjöldi þeirra sem ná sér í löggildingu virðist

Fjöldi þátttakanda í meistaraskóla




	2016	2017	2018	2019	2020
Nemendur	32	30	40	45	60
Útskriftir	21	26	22	25	32
Löggildingar	20	31	19	30	30

haldast í hendur við útskriftir úr meistaránáminu. Samkvæmt heimildum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun eru alltaf einhverjar umsóknir frá mönnum sem löngu útskrifaðir úr meistaraskóla og einnig eru menn að sækja löggildingar sem legið hafa inni.

Breyting varða á kennslufyrirkomulagi á árinu vegna Covid. Fjöldi áfanga var kenndur eingöngu í fjarnámi en einnig voru áfangar kenndir í bland sem fjarnám og staðnám.

Töluverð fjölgun var á þátttöku á námskeiðum milli ára. Starfsmenn RAFMENNTAR eru stöðugt

Fjöldi þátttakanda á námskeiðum



að skoða nýja möguleika á námskeiðum. Á heimasíðunni er hnappur þar sem gestir síðunnar eru beðnir um að koma með ábendingar að nýjum námskeiðum eða fyrirlestur. Námskeiðin geta verið um nýjungar sem eru að koma á markað og geta verið haldin einu sinni eða reglulega meðan eftirspurn er eftir þeirri þekkingu sem þar er kennd.

Mikið og gott samtal er við stærri fyrirtækin sem félagsmenn starfa hjá um mikilvægi endurmenntunar. Á árinu var áfram aukning eins og á fyrra ári í námskeið á vegum framleiðslu, veitna og stóriðnaðar. Þessi námskeið eru sprottinn upp af aukinni öryggisvitund innan fyrirtækjanna og mun RAFMENNT fylgja þeirri eftirspurn eftir með frekara námskeiðahaldi í samstarfi við fyrirtækin. Áhersla verður lögð á frekari þjónustu á þessu sviði með endurskoðun á námskeiðum og framsetningu þeirra.

Áfram er stefnan að auka framboð endurmenntunar námskeiða og kynninga hjá RAFMENNT í samstarfi við fyrirtæki þar sem félagsmenn starfa. Áherslan er að þeir geti sótt sér endurmenntun á styttri námskeiðum þar sem einstaka nýjungar eru í aðalhlutverki. Leitað var til birgja og þjónustuaðila og þeim boðið að halda fyrirlestur og/eða námskeið um nýjungar á þeirra sviði hjá RAFMENNT. Hádegisfyrirlestrar hjá RAFMENNT hafa verið haldnir eins oft og hægt hefur verið vegna samkomu takmarkanna. Fyrirlestrararnir færðust alveg yfir á fjarfundar form.

Auk þess að sækja námskeið hjá RAFMENNT gefst félagsmönnum tækifæri á að sækja sér námskeið annarsstaðar og fá styrk upp í kostnað. Upphæð styrkja er endurskoðuð árlega. Eftir að einstaklingsstyrkir voru hækkaðir jókst aðsókn í styrkina. Ásamt því að þeir voru hækkaðir voru styrkjareglur einfaldaðar. Nánari upplýsingar um styrki eru á heimasíðu RAFMENNTAR undir styrkir, en einnig eru upplýsingar á „mínum síðum“ á vef RSÍ.

RAFMENNT hefur haldið ráðstefnu fyrir kennara rafiðnadeildanna í lok sumars. Þessi ráðstefna hefur gefist vel og ánægja innan kennarahópsins með hana. Að þessu sinni var síðsumarsráðstefnu


hjá RAFMENNT sem átti að halda um miðjan ágúst frestað vegna heimsfaraldurs.

Áttin

Áttin er veggátt, sem greiðir leið fyrirtækja að umsóknum að starfsmenntasjóðum og fræðslustofnunum. Áttin er sameiginlegt verkefni atvinnurekenda og launafólks á almennum vinnu-markaði. Í gegnum hana koma umsóknir frá fyrirtækjum vegna endurmenntunar starfsmanna. Einn liður í þessu ferli er Fræðslustjóri að láni. Það verkefni byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, sérhæfðum í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins. Í gegnum þetta ferli hefur RAFMENNT komið að ýmsu námskeiðahaldi fyrir fyrirtæki eins og Borgarleikhúsið og Hörpu svo einhver séu nefnd. Í Áttina bárust 62 umsóknir árið 2019.

Námssamningar

Stígandi hefur verið í gerð námssamninga og fjölda í sveinsprófi frá árinu 2011 og er fjöldinn nú að nálgast þann fjölda er var á árunum 2007 til 2010. Gerðir voru 103 námssamningar í rafvirkjun á árinu 2019



Sveinspróf

Sveinspróf í rafvirkjun voru haldin í febrúar og júní eins og venja er til. Alls þreyttu 125 einstaklingar



prófið á móti 134 á árinu á undan. Hér má sjá þróun á fjölda próftaka í sveinsprófi í rafvirkjun. Áhyggjuefni er að fall á sveinsprófi virðist vera að aukast. Sveinsprófsnefnd hefur haft áhyggjur af þessari þróun og hefur verið að skoða hvort eitthvað í framkvæmd prófsins sé að valda þessu og einnig verið í sambandi við fulltrúa skólanna vegna þessa.

Sveinspróf í rafeindavirkjun eru haldin í maí og desember samhliða prófum í skólunum TS og VMA. Alls þreyttu 43 nemendur próf á árinu. Prófið er sett saman úr lokaprófum áfanga á 6. og 7. önn. Lokaprófin eru unnin í samvinnu sveinsprófsnefndar og kennara í TS og VMA. Fjöldi nemenda sem luku sveinsprófi á árinu var 22, en einungis hluti þeirra ná sér í sveinsbréf þar sem starfsþjálfun er ekki lokið þegar sveinsprófin eru þreytt. Nokkur sveifla er í fjölda þeirra sem þreyta próf í rafeindavirkjun en það skýrist af því að VMA kennir eingöngu einn hóp í einu, svo annað hvert ár er engin í prófi í VMA í desember.

Afhending sveinsbréfa fór fram á Icelandair Hótel Natura í maí og september. Alls voru afhent 125 sveinsbréf við hátíðlega athöfn. Nýsveinar mættu með fjölskyldur og nutu stundarinnar og veitinga að afhendingu lokinni.

Viðurkenningar starfsréttinda

Viðurkenningar á erlendum starfsréttindum 2019 voru 68 á móti 105 umsóknum um viðurkenningu erlendra réttinda á árinu 2018. Eitthvað virðist því vera að draga úr ásókn útlendinga hingað eða fyrirtækja að fá útlendinga til vinnu.

Töluverð samskipti voru við Menntamálastofnun og mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna mats á menntun. Ekki er samhljómur á túlkun

reglna sem farið er eftir vegna matsins. Vonandi kemst fljótt niðurstaða í það þannig að vinnuferill verði skýrari.

Raunfærnimat

Ákveðinn stöðugleiki virðist vera að koma á fjölda þátttakenda í raunfærnimati. Á árinu 2019 luku 37 nemendur 358 einingum í raunfærnimati. Árið áður voru 36 einstaklingar sem luku mati í rafiðngreinum en 39 árið þar áður. Þessir einstaklingar hafa allir starfað lengur en þrjú ár í faginu og eru eldri en 24 ára.

Kynningarmál

RAFMENNT tók þátt í ýmsum kynningarmálum á árinu. Starfamestarur á Akureyri, Norðfirði, Suðurlandi, Akranesi og Suðurnesjum eru orðnir fastir liðir þar sem starfsmenn RAFMENNTAR eru með heimamönnum við kynningar. RAFMENNT leggur til ýmsan búnað til kynninga og nýtur aðstoðar nemenda á þessum stöðum. Einnig hefur verið komið að kynningum fyrir grunnskólarnemendur á opnum húsum í skólunum, svo sem Tækniskólanum.

Íslandsmót 2019

Íslandsmót iðn- og verkgreina var haldið í byrjun mars. Mótið var það glæsilegasta sem haldið hefur verið til þessa. Keppt var bæði í hefðbundinni rafvirkjun og rafeindavirkjun. Samhliða keppninni stóð RAFMENNT fyrir kynningu á rafiðngreinum með ýmsu móti. Farið var róbóta og Festo græjur til að sýna sjálfvirkni. Yfir básnum var settur skjár þar sem ýmsar tilkynningar og logo voru látin rúlla. Félagsmenn úr FÍR, FRV og RSÍ-Ung stóðu vaktina ásamt starfsfólki við kynningar. Einnig voru fengnir nemendur í framhaldsskólum til að leiðbeina gestum og gangandi við tengja og lóða smáhluti.

Rafbók og spjaldtölvur

Stöðugt er verið að lagfæra efni og bæta við námsefni á www.rafbok.is. Kennarar skólana eru duglegir að leggja til efni og gera lagfæringar á því sem fyrir er. Um rafbókina er starfandi vinnuhópur sem verkefnisstjóri rafbókar boðar á fundi til skrafs og ráðagerðar.

Allir nýnemar í rafiðngreinum fengu samkvæmt venju afhenta spjaldtölvu í upphafi vor - og haust annar á árinu. Afhentar voru rúmlega 400 tölvur. Þessar gjafir eru hugsaðar fyrst og fremst til að auðvelda nemendum aðgengi að rafrænu námsefni. Nýskráningar inn á Rafbók taka kipp eftir hverja afhendingu sem sýnir mikilvægi þess að nemendur hafi tækjabúnað sem nýtist við nám.

Stefnumótun

Unnið var áfram í stefnumótunarvinnunni sem hófst haustið 2018. Búið er að skrifa Kynningar- og samskiptaáætlun, mat á erlendri menntun og feril við vinnu meistarakóla. Í ferli meistarakóla er ferli skipulags hvernig annar lýst nákvæmlega. Hér má sjá myndræna lýsingu á ferlinu.

Hver rammi er skýrður ýtarlega í ferlinu og fylgiskjöl tengd þeim sem hafa verið útbúin s.s. eins og eyðublöð um samning við verktaka form fyrir námsáætlun og fleiri blöð sem ganga þarf frá í vinnunni. Næstu ferlar sem vinna er byrjuð við er ferli um námssamninga og Sveinspróf.

Á árinu fékk RAFMENNT staðfestingu Menntamálastofnunar sem viðurkenndur fræðsluaðili. Staðfestingin er til eins árs en innan þess tíma þarf RAFMENNT að taka upp gæðakerfi svo hún verði framlengd í þrjú ár í senn.